



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

KÖNNUN KÍ Á AFSTÖÐU FÉLAGSMANNA TIL ÞJÓNUSTU

Unnið fyrir Kennarasamband Íslands

Ella Björt Daníelsdóttir
Kristjana Stella Blöndal
Heiður Hrund Jónsdóttir
Júní 2006

EFNISYFIRLIT

TÖFLUYFIRLIT	3
MYNDAYFIRLIT	5
1. FRAMKVÆMD, HEIMTUR OG MARKTEKT	7
2. NIÐURSTÖÐUR	11
2.1. BAKGRUNNUR SVARENDA.....	11
2.2A. STARFSEMI KENNASAMBANDS ÍSLANDS	13
2.2B. STARFSEMI KENNASAMBANDS ÍSLANDS –BAKGRUNNSGREINING	15
2.3A. MAT Á AFSTÖÐU ALMENNINGS TIL KÍ	17
2.3B. MAT Á AFSTÖÐU ALMENNINGS TIL KÍ –BAKGRUNNSGREINING.....	18
2.4A. SKÓLAVARÐAN	19
2.4B. SKÓLAVARÐA - BAKGRUNNSGREINING.....	22
2.5A. UPPLÝSINGAMIÐLUN KÍ OG AÐILDARFÉLAGANNA	25
2.5B. UPPLÝSINGAMIÐLUN KÍ OG AÐILDARFÉLAGANNA –BAKGRUNNSGREINING	27
2.6A. HEIMASÍÐA KÍ.....	29
2.6B. HEIMASÍÐA KÍ – BAKGRUNNSGREINING	31
2.7A. ORLOFSSJÓÐUR KÍ	33
2.7B. ORLOFSSJÓÐUR KÍ – BAKGRUNNSGREINING.....	38
2.8A. SJÚKRASJÓÐUR OG ENDURMENNTUNARSJÓÐIR KÍ	39
2.8B. SJÚKRASJÓÐUR OG ENDURMENNTUNARSJÓÐIR Í KÍ – BAKGRUNNSGREINING	41
2.9A. MAT Á LAUNUM	43
2.9B. MAT Á LAUNUM – BAKGRUNNSGREINING	44
2.10A. SAMKOMULAG MILLI KÍ OG MENNTAMÁLARÁÐHERRA	45
2.10B. SAMKOMULAG MILLI KÍ OG MENNTAMÁLARÁÐHERRA – BAKGRUNNSGREINING.....	46
2.11A. FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA	47
2.11B. FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA – BAKGRUNNSGREINING.....	52
2.12A. FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA	53
2.12B. FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA – BAKGRUNNSGREINING	56
2.13A. SKÓLASTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS.....	57
2.13B. SKÓLASTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS - BAKGRUNNSGREINING.....	59
2.14A. FÉLAG LEIKSKÓLAKENNARA	61
2.14B. FÉLAG LEIKSKÓLAKENNARA – BAKGRUNNSGREINING.....	63
2.15A. FÉLAG TÓNLISTARSKÓLAKENNARA	65
2.15B. FÉLAG TÓNLISTARSKÓLAKENNARA – BAKGRUNNSGREINING	67
3. VIÐAUKI - BAKGRUNNSGREINING	69

TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1.1. HEIMTUR.....	8
TAFLA 2.1.1. KYN SVARENDA	11
TAFLA 2.1.2. ALDUR SVARENDA	11
TAFLA 2.1.3. BÚSETA SVARENDA	11
TAFLA 2.1.4A. AÐILDARFÉLAG INNAN KENningarASAMBANDS ÍSLANDS, FYRIR VIGTUN	12
TAFLA 2.1.4B. AÐILDARFÉLAG INNAN KENningarASAMBANDS ÍSLANDS, EFTIR VIGTUN	12
TAFLA 2.1.5. STARFSALDUR SVARENDA Í SKÓLAKERFINU	12
TAFLA 2.2.1. TELUR ÞÚ ÞIG Hafa MIKINN, NOKKURN, LÍTINN Eða ENGAN HAG AF AÐILD ÞINNI Í KENningarASAMBANDI ÍSLANDS?	13
TAFLA 2.2.2. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) Eða ÓÁNÆGÐ(UR) ERT ÞÚ MEÐ STARFSEMI KÍ Í HEILD?.....	13
TAFLA 2.2.3. TELUR ÞÚ AÐ KÍ EIGI AÐ SKIPULEGGJA SAMEIGINLEGA FRÆÐSLUFUNDI FYRIR FÉLAGSMENN SAMBANDSINS UM AFMÖRKUÐ MÁL, SVO SEM RÉTTINDAMÁL, LAUNAKJÖR OG SAMSKIPTI Á VINNUSTAÐ?	15
TAFLA 2.3.1. ALMENNT SÉÐ TELUR ÞÚ AÐ UMRÆÐAN UM STÖRF KENningarASAMBANDSINS SÉ JÁKVÆÐ Eða NEIKVÆÐ Í SAMFÉLAGINU?	17
TAFLA 2.3.2. TELUR ÞÚ AÐ ALMENNINGUR BERI MIKIÐ Eða LÍTIÐ TRAUST TIL KÍ?	17
TAFLA 2.4.1. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) Eða ÓÁNÆGÐ(UR) ERT ÞÚ MEÐ SKÓLAVÖRÐUNA?	19
TAFLA 2.4.2. HVERSU OFT AÐ JAFNAÐI LEST ÞÚ SKÓLAVÖRÐUNA?	19
TAFLA 2.4.3. SKÓLAVARÐAN KEMUR NÚ ÚT ÁTTA SINNUM Á ÁRI. MYNDIR ÞÚ VILJA FÆKKA Eða FJÖLGA TÖLUBLÖÐUM Á ÁRI Eða Hafa ÞANN FJÖLDA SEM NÚ ER?.....	21
TAFLA 2.4.4. HVAÐ TELUR ÞÚ ÆSKILEGT AÐ MÖRG TÖLUBLÖÐ KOMI ÚT Á ÁRI?	21
TAFLA 2.4.5. ÁRIÐ 2003 VAR HÆTT AÐ PÓSTSEnDA SKÓLAVÖRÐUNA HEIM TIL FÉLAGSMANNA VEGNA KOSTNAÐAR OG Í STAÐ ÞESS ER HENNI NÚ DREIFT Í SKÓLUNUM. ERT ÞÚ SÁTT(UR) Eða ÓSÁTT(UR) VIÐ ÞETTA DREIFINGARFYRIRKOMULAG?.....	22
TAFLA 2.5.1. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) Eða ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU MEÐ UPPLÝSINGAMÍÐLUN KÍ OG FÉLAGSINS ÞÍNS?.....	25
TAFLA 2.6.1. HVE OFT HEIMSÆKIR ÞÚ HEIMASÍÐU KÍ AÐ JAFNAÐI?	29
TAFLA 2.7.1. HVERSU MIKLA ÁHERSLU MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ORLOFSSJÓÐUR KÍ LEGÐI Á FJÖLGUN SUMARHÚSA?.....	33
TAFLA 2.7.2. HVERSU MIKLA ÁHERSLU MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ORLOFSSJÓÐUR KÍ LEGÐI Á FJÖLGUN ÍBÚÐA?	33
TAFLA 2.7.3. HVERSU MIKLA ÁHERSLU MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ORLOFSSJÓÐUR KÍ LEGÐI Á HÓTELMÍÐA?34	
TAFLA 2.7.4. HVERSU MIKLA ÁHERSLU MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ORLOFSSJÓÐUR KÍ LEGÐI Á TJALDVAGNA?	34
TAFLA 2.7.5. HVERSU MIKLA ÁHERSLU MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ORLOFSSJÓÐUR KÍ LEGÐI Á SÓLARLANDAFERÐIR?.....	35
TAFLA 2.7.6. HVERSU MIKLA ÁHERSLU MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ORLOFSSJÓÐUR KÍ LEGÐI Á FJÖLGUN FERÐATILBOÐA ERLENDIS?	35
TAFLA 2.7.7. HVERSU MIKLA ÁHERSLU MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ORLOFSSJÓÐUR KÍ LEGÐI Á HÆKKUN/FJÖLGUN ORLOFSSTYRKJA?	36
TAFLA 2.7.8. MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ORLOFSSJÓÐURINN HEFÐI FLEIRI HÚS EN NÚ ER SEM HÆGT VÆRI AÐ LEIGJA Í EINSTAKA DAGA Á SUMRIN Í STAÐ ÞESS AÐ EIGA KOST Á VIKULEIGU EINS OG NÚ ER?	36
TAFLA 2.7.9. MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ORLOFSSJÓÐURINN HÆTTI MEÐ SUMARÚTHLUTANIR EFTIR PUNKTAKERFI EINS OG NÚ ER OG SETTI Í STAÐ ÞESS ÖLL LEIGUTILBOÐ Á ORLOFSVEFINN OG ÞÁ GILTÍ REGLAN „FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR“?	37
TAFLA 2.8.1. HVERSU VEL Eða ILLA TELUR ÞÚ ÞIG ÞEKKJA ÚTHLUTUNARREGLUR SJÚKRASJÓÐSINS? ...	39
TAFLA 2.8.2. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) Eða ÓÁNÆGÐ(UR) ERT ÞÚ MEÐ ÞJÓNUSTU SJÚKRASJÓÐS KÍ?.....	39
TAFLA 2.8.3. HVERSU VEL Eða ILLA TELUR ÞÚ ÞIG ÞEKKJA ÚTHLUTUNARREGLUR ÞÍNS ENDURMENNTUNARSJÓÐS Í KÍ?.....	40
TAFLA 2.8.4. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) Eða ÓÁNÆGÐ(UR) ERT ÞÚ MEÐ ÞJÓNUSTU ENDURMENNTUNARSJÓÐS ÞÍNS Í KÍ?.....	40
TAFLA 2.9.1. ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) Eða ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ ÞAU LAUN SEM ÞÚ FÆRÐ FYRIR ÞÍNA VINNU?43	
TAFLA 2.9.2. HVAÐA MÁNAÐARLAUN FINNST ÞÉR SANNGJÖRN FYRIR ÞÍNA VINNU? MÍÐAÐU VIÐ LAUN FYRIR FULLT STARF.....	43
TAFLA 2.10.1. HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR EFNI 10 PUNKTA SAMKOMULAGSINS UM HEILDARENDURSKOÐUN Í MENNTAMÁLUM MILLI KÍ OG MENNTAMÁLARÁÐHERRA SEM UNDIRRITAÐ VAR 2. FEBRÚAR SL.?..	45

TAFLA 2.10.2. ERTU SÁTT(UR) EÐA ÓSÁTT(UR) VIÐ ÞÁ ÁKVÖRÐUN KÍ AÐ GERA SAMKOMULAGIÐ VIÐ RÁÐHERRANN?	45
TAFLA 2.11.1. HVE MIKILVÆGT TELUR ÞÚ Í ÞESSU SAMBANDI AÐ GERA FLEIRI NEMENDUM KLEIFT AÐ HEFJA NÁM FIMM ÁRA Í GRUNNSKÓLA?.....	47
TAFLA 2.11.2. HVE MIKILVÆGT TELUR ÞÚ Í ÞESSU SAMBANDI AÐ STYTТА GRUNNSKÓLANN Í NÍU ÁR?...48	48
TAFLA 2.11.3. HVE MIKILVÆGT TELUR ÞÚ Í ÞESSU SAMBANDI AÐ GERA FLEIRI NEMENDUM KLEIFT AÐ ÚTSKRIFAST ÚR GRUNNSKÓLA EFTIR 9. BEKK?.....	48
TAFLA 2.11.4. HVE MIKILVÆGT TELUR ÞÚ Í ÞESSU SAMBANDI AÐ AUKA MÖGULEIKA GRUNNSKÓLANEMENDA TIL AÐ TAKA FLEIRI NÁMSÁFANGA FRAMHALDSSKÓLANS INNAN NÚVERANDI KERFIS?.....	49
TAFLA 2.11.5. HVE MIKILVÆGT TELUR ÞÚ Í ÞESSU SAMBANDI AÐ BÚA TIL SÉRSTAKA NÁMSBRAUT INNAN GRUNNSKÓLANS Í UNGLINGAÐEILD SEM ER TVÖ ÁR OG LÝKUR Í 9. BEKK?	49
TAFLA 2.11.6. ERTU HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) SAMRÆMDUM PRÓFUM Í LOK GRUNNSKÓLANS Í NÚVERANDI MYND?	50
TAFLA 2.11.7. HVERSU MIKILVÆGT TELUR ÞÚ AÐ GRUNNSKÓLAKENNNARAR HEFJI ÍMYNDAR- OG UPPBYGGINGARVINNU MEÐAL ALMENNINGS?.....	50
TAFLA 2.11.8. HVAÐ AF EFTIRTÖLDU TELUR ÞÚ AÐ FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNNARA EIGI AÐ LEGGJA MESTA ÁHERSLU Á Í NÆSTU KJARASAMNINGUM FYRIR UTAN HÆKKUN GRUNNLAUNA?	51
TAFLA 2.11.9. TELUR ÞÚ RÉTT AÐ HÆTTA AÐ SKILGREINA KENNSLUSKYLDU Í KJARASAMNINGI GRUNNSKÓLAKENNNARA OG FÆRA VERKSTJÓRNARVALD ALFARIÐ Í HENDUR SKÓLASTJÓRNENDANA?51	51
TAFLA 2.12.1. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU MEÐ ÞJÓNUSTU FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNNARA?	53
TAFLA 2.12.2. HVERSU HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) ERTU STOFNANASAMNINGUM Í SAMSTARFSNEFNDUM FRAMHALDSSKÓLA UM NÝTT LAUNAKERFI FYRIR KENNNARA, NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA OG AÐSTOÐARSTJÓRNENDUR?	54
TAFLA 2.12.3. HVERSU HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) ERTU BREYTILEGRI KENNSLUSKYLDU Í FRAMHALDSSKÓLUM EFTIR KENNSLUGREINUM?	54
TAFLA 2.12.4. HVERSU SAMMÁLA EÐA ÓSAMMÁLA ERTU EFTIRFARANDI FULLYRÐINGU UM STARFSUMHVERFI ÞITT? - ÉG HEF NÆG TÆKIFÆRI TIL AÐ AFLA MÉR VIÐBÓTARMENNTUNAR OG ENDURMENNTUNAR	55
TAFLA 2.12.5. HVERSU SAMMÁLA EÐA ÓSAMMÁLA ERTU EFTIRFARANDI FULLYRÐINGU UM STARFSUMHVERFI ÞITT? - ÉG FINN FYRIR STREITU Í STARFI	55
TAFLA 2.12.6. HVERSU SAMMÁLA EÐA ÓSAMMÁLA ERTU EFTIRFARANDI FULLYRÐINGU UM STARFSUMHVERFI ÞITT? - ÉG FÆ HRÓS OG HVATNINGU FRÁ YFIRMANNI ÞEGAR MÉR TEKST VEL UPP Í STARFI	56
TAFLA 2.13.1. HVERSU SAMMÁLA EÐA ÓSAMMÁLA ERTU AÐ FRAMHALDSNÁMS Í STJÓRNUN VERÐI KRAFIST VIÐ FASTRÁÐNINGU SKÓLASTJÓRA?	57
TAFLA 2.13.2. HVERSU SAMMÁLA EÐA ÓSAMMÁLA ERTU AÐ FRAMHALDSNÁMS Í STJÓRNUN VERÐI KRAFIST VIÐ FASTRÁÐNINGU AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA OG DEILDARSTJÓRA?	58
TAFLA 2.13.3. HVERSU SAMMÁLA EÐA ÓSAMMÁLA ERTU AÐ HLUTI KJARASAMNINGS SKÓLASTJÓRAFÉLAGS ÍSLANDS VEGNA GRUNNSKÓLANS VERÐI DREIFSTÝRÐUR?	58
TAFLA 2.13.4. HVERSU SÁTT(UR) EÐA ÓSÁTT(UR) ERTU VIÐ AÐ SKÓLASTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS SÉ EITT AF AÐILDARFÉLÖGUM KÍ.....	59
TAFLA 2.13.5. HVERSU SÁTT(UR) EÐA ÓSÁTT(UR) ERTU VIÐ FYRIRKOMULAGIÐ Á NÁMSSTEFNU SÍ SEM HALDIN ER Á HVERJU HAUSTI?	59
TAFLA 2.14.1. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU MEÐ ÞJÓNUSTU FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNNARA?	61
TAFLA 2.14.2. HVAÐ AF EFTIRTÖLDU TELUR ÞÚ AÐ FÉLAG LEIKSKÓLAKENNNARA EIGI AÐ LEGGJA MESTA ÁHERSLU Á Í NÆSTU KJARASAMNINGUM FYRIR UTAN HÆKKUN LAUNA?	62
TAFLA 2.14.3. ERT ÞÚ SÁTT(UR) EÐA ÓSÁTT(UR) VIÐ FYRIRKOMULAG FRÆÐSLUFYRIRLESTRA SEM SKÓLAMÁLANEFND FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNNARA HEFUR BOÐIÐ UPP Á?	62
TAFLA 2.14.4. ERT ÞÚ SÁTT(UR) EÐA ÓSÁTT(UR) VIÐ STARFSEMI SVÆÐAÐEILDARINNAR ÞINNAR?	63
TAFLA 2.14.5. TELUR ÞÚ AÐ SVÆÐAÐEILDIR FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNNARA EIGI AÐ SKIPULEGGJA SAMEIGINLEGA SÍMENNTUNARDAGA EÐA HAUSTÞING INNAN HVERRAR DEILDAR Í FREKARI MÆLI EN GERT ER Í DAG?.....	63
TAFLA 2.15.1. HEFUR ÞÚ SÓTT SVÆÐISÞING FÉLAGS TÓNLISTARSKÓLAKENNNARA?.....	65
TAFLA 2.15.2. HVERSU GAGNLEG TELUR ÞÚ SVÆÐISÞING FÉLAGS TÓNLISTARSKÓLAKENNNARA VERA?	65
TAFLA 2.15.3. HVERSU OFT AÐ JAFNAÐI LEST ÞÚ FRÉTTABRÉF FÉLAGS TÓNLISTARSKÓLAKENNNARA?...66	66
BAKGRUNNSTÖFLUR 3.1-3.104.....	69

MYNDAYFIRLIT

MYND 2.2.1. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERT ÞÚ MEÐ EFTIRTALDA ÞÆTTI Í STARFSEMI KÍ OG/EÐA ÞÍNS AÐILDARFÉLAGS?.....	14
MYND 2.4.1. HVERSU OFT LEST ÞÚ EFTIRTALDA EFNISFLOKKA OG FASTA LIÐI Í SKÓLAVÖRÐUNNI?	20
MYND 2.5.1. HVERSU MIKLA ÁHERSLU FINNST ÞÉR AÐ KÍ OG AÐILDARFÉLAG ÞITT EIGI AÐ LEGGJA Á UPPLÝSINGAMÍÐLUN?	26
MYND 2.6.1. HEFUR ÞÚ HEIMSÓTT HEIMASÍÐU KÍ?	29
MYND 2.6.2. HVE OFT LEITAR ÞÚ UPPLÝSINGA Á VEF KÍ UM EFTIRFARANDI?	30
MYND 2.7.1. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU MEÐ EFTIRFARANDI ÞJÓNUSTUÞÆTTI ORLOFSSJÓÐSINS?	37
MYND 2.15.1. HVERSU OFT LEST ÞÚ EFTIRTALDA EFNISFLOKKA Í FRÉTTABRÉFINU?	67

1. FRAMKVÆMD, HEIMTUR OG MARKTEKT

Framkvæmd: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði viðhorfskönnun fyrir Kennarasamband Íslands dagana 24. mars til 21. apríl árið 2006. Könnunin fór fram í gegnum síma og náði til félagsmanna sex aðildarfélaga Kennarasambandsins en þau eru: Félag grunnskólakennara (FG), Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag leikskólakennara (FL), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ) og Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS).

Könnunin náði til fjölmargra þátta í starfsemi Kennarasambandsins og aðildarfélaga þess. Spurt var almennt um þjónustu og starfsemi sambandsins og svarendur beðnir um að meta afmarkaða þætti starfseminnar. Einnig var spurt sérstaklega um Orlofs- sjóð KÍ, Sjúkrasjóð KÍ, endurmenntunarsjóði innan sambandsins og Skólavörðuna, tímarit KÍ. Þá var einnig leitað eftir mati á ímynd Kennarasambandsins í samfélaginu, viðhorfum til heimasíðu KÍ og afstöðu til upplýsingamiðlunar til félagsmanna. Loks voru félagsmenn hvers aðildarfélags beðnir um að svara spurningum sem beindust sérstaklega að þeirra félagi. Í úrvinnslu voru svarendur í Félagi stjórnenda í framhaldsskólum sem voru í a.m.k. 50% starfi sameinaðir svarendum í Félagi framhaldsskólakennara þar sem fyrrnefnt félag er fámennt og því of fáir svarendur til þess að hægt væri að setja þeirra svör fram sérstaklega.

Heimtur: Tekið var lagskipt tilviljunarúrtak þannig að hlutföll milli aðildarfélaga samræmdust stærð félaganna. Heildarstærð úrtaksins var 1200 manns og fjöldi svarenda 861. Heildarsvarhlutfall í könnuninni var því 71,8%. Í töflu 1.1. má sjá upplýsingar um heimtur innan hvers aðildarfélags. Hæsta svarhlutfallið var á meðal félagi í Félagi grunnskólakennara (79.3%) en það lægsta á meðal svarenda í Félagi tónlistarskólakennara (61,3%).

Tafla 1.1. Heimtur

	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi svarenda	Svarhlutfall
Félag grunnskólakennara	400	317	79,3%
Félag framhaldsskólakennara og Félag stjórnenda í framhaldsskólum	250	170	68,0%
Félag leikskólakennara	250	183	73,2%
Skólastjóraráfélag Íslands	150	99	66,0%
Félag tónlistarskólakennara	150	92	61,3%
Alls	1200	861	71,8%

Úrtakið og vigtun gagna: Markmið könnunarinnar er að afla upplýsinga um afstöðu aðildarfélaga KÍ til ýmissa málefna. Það er viðbúið að afstaða félagsmanna í KÍ til sumra þeirra málefna sem spurt var um sé háð því í hvaða félagi þeir eru. Í ljósi þess að aðildarfélögin eru misfjöldmenn hefði ekki verið unnt að afla nákvæmra upplýsinga um afstöðu félagsmanna fámennra félaga með einföldu tilviljunarúrtaki nema að úrtakið væri mjög stórt. Í kringumstæðum sem þessum er oft brugðið á það ráð að taka svokallað lagskipt tilviljunarúrtak eins og hér er gert. Þegar lagskipt tilviljunarúrtak er tekið er þeim hópi sem alhæfa skal yfir á skipt í undirhópa eða lög og einfalt tilviljunarúrtak er síðan tekið úr hverju lagi fyrir sig. Þannig er hægt að tryggja lágmarksfjölda svarenda í hverju lagi. Í þessari könnun var kennurum skipt í fimm undirhópa, þ.e. Félag framhaldsskólakennara, Félag grunnskólakennara, Félag leikskólakennara, Félag tónlistarskólakennara og Skólastjóraráfélag Íslands og valið með tilviljun úr hverjum hópi. Úrtaksfjöldinn í hverju aðildarfélagi réðst annars vegar af því hve fjölmennt félagið var og hins vegar af þeim lágmarksfjölda í hverjum undirhópi sem talinn var æskilegur til að tryggja áreiðanlegar niðurstöður. Þetta þýðir að hlutfallslega fleiri í fámennu félögunum lentu í heildarúrtakinu. Til að svör þeirra vegi ekki þyngra en annarra félagsmanna í niðurstöðum könnunarinnar voru gögnin vigtuð þannig að hlutföll svarenda í hverju aðildarfélagi endurspeglu hlutföll félagsmanna í aðildarfélögum KÍ.

Marktekt: Í skýrslunni er samanburður gerður á svörum þátttakenda eftir bakgrunnspáttum, þ.e. kyni, aldri, búsetu og starfsaldri auk aðildarfélags og metið hvort um marktækan mun er að ræða. Tölfræðiprófið kí-kvaðrat var notað til þess að kanna mun á hlutföllum milli hópa. Dreifigreining (ANOVA) var hins vegar notuð til

Þess að athuga hvort munur á meðaltölum væri tölfræðilega marktækur. Stjórnur voru notaðar til þess að tákna marktækan mun á milli hópa. Ein stjarna merkir að fullyrða megi með 95% vissu að munur sem sést í úrtakinu sé einnig til staðar í þýði¹. Tvær stjórnur tákna að fullyrða megi með 99% vissu um mun í þýði og þrjár stjórnur að víska sé 99,9%. Þrjár stjórnur þýða því að einungis 0,1% líkur eru á því að munur sem sést í úrtakinu sé ekki til staðar í þýðinu.

Uppbygging skýrslunnar: Skýrslan skiptist í þrjá meginhluta. Meginkafla skýrslunnar er kynning á niðurstöðum hennar en auk kafla um framkvæmd og heimtur er viðauki með greiningu á svörum þátttakenda eftir bakgrunni þeirra og aðildarfélagi. Niðurstöðukafla skiptist í marga undirkafla eftir efni spurninga sem númeraðir eru sérstaklega. Í lok hvers kafla er fjallað um niðurstöður úr bakgrunnsgreiningu.

¹ Með þýði er átt við þann heildarhóp sem reynt er að alhæfa niðurstöður á.

2. NIÐURSTÖÐUR

2.1. Bakgrunnur svarenda

Svarendur voru beðnir um að veita ýmsar upplýsingar um sjálfa sig sem voru síðan notaðar til þess að greina önnur svör þeirra. Í töflum 2.1.1. til 2.1.5. má sjá upplýsingar um kynjahlutföll, aldur, búsetu, aðildarfélag og starfsaldur svarenda í könnuninni. Meðalaldur var 46 ár. Bakgrunnsupplýsingar um kyn, aldur, búsetu og starfsaldur eru gefnar upp fyrir vigtun. Upplýsingar um aðildarfélag eru hins vegar gefnar upp bæði fyrir og eftir vigtun (töflur 2.1.4a og 2.1.4b).

Tafla 2.1.1. Kyn svarenda

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	208	24,2
Kona	653	75,8
Alls	861	100%

Tafla 2.1.2. Aldur svarenda

	Fjöldi	Hlutfall
40 ára og yngri	272	31,6
41-50 ára	295	34,3
Eldri en 50 ára	294	34,1
Alls	861	100%

Tafla 2.1.3. Búseta svarenda

	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	497	57,7
Landsbyggð	364	42,3
Alls	861	100%

Tafla 2.1.4a. Aðildarfélag innan Kennarasambands Íslands, fyrir vigtun²

	Fjöldi	Hlutfall sem svarar
Félag grunnskólakennara	317	36,8
Félag leikskólakennara	183	21,3
Félag framhaldsskólakennara	170	19,7
Félag tónlistarskólakennara	92	10,7
Skólastjórafélag Íslands	99	11,5
Alls	861	100%

Tafla 2.1.4b. Aðildarfélag innan Kennarasambands Íslands, eftir vigtun³

	Fjöldi	Hlutfall sem svarar
Félag grunnskólakennara	436	50,7
Félag leikskólakennara	161	18,7
Félag framhaldsskólakennara	160	18,6
Félag tónlistarskólakennara	46	5,4
Skólastjórafélag Íslands	57	6,6
Alls	861	100%

Tafla 2.1.5. Starfsaldur svarenda í skólakerfinu

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Stytttri en 2 ár	37	4,3	4,3
2-10 ár	269	31,2	31,3
Lengri en 10 ár	554	64,3	64,4
Veit ekki	1	0,1	-
Alls	861	100%	100%

² Svarendur í Félagi stjórnenda í framhaldsskólum sem voru í a.m.k. 50% starfi voru flokkaðir með svarendum í Félagi framhaldsskólakennara.

2.2a. Starfsemi Kennarasambands Íslands

Þátttakendur voru spurðir almennt um viðhorf til starfsemi Kennarasambands Íslands. Stærstur hluti taldi sig hafa nokkurn hag af aðild sinni eða helmingur þátttakenda (sjá töflu 2.2.1.). Þá taldi þriðjungur sig hafa mikinn hag af aðild að KÍ og sjöundi hluti taldi sig hafa lítinn eða engan hag af aðild.

Tafla 2.2.1. Telur þú þig hafa mikinn, nokkurn, lítinn eða engan hag af aðild þinni í Kennarasambandi Íslands?


	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mikinn	284	32,9	34,0
Nokkurn	427	49,7	51,2
Lítinn	108	12,5	12,9
Engan	15	1,8	1,8
Neitar að svara	1	0,1	-
Veit ekki	25	3,0	-
Alls	861	100%	100%

Þegar svarendur voru beðnir um að láta í ljós viðhorf sín til starfsemi Kennarasambandsins í heild sinni, sagðist rúmur helmingur mjög eða frekar ánægður með starfseminna en einn sjötti hluti kvaðst frekar eða mjög óánægður (sjá töflu 2.2.2.). Rúmur fjórðungur tók hins vegar hlutlausu afstöðu og sagðist hvorki ánægður né óánægður með starfseminna.

Tafla 2.2.2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með starfsemi KÍ í heild?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægð(ur)	106	12,4	13,0
Frekar ánægð(ur)	343	39,8	41,8
Hvorki né	232	27,0	28,3
Frekar óánægð(ur)	103	12,0	12,6
Mjög óánægð(ur)	37	4,3	4,5
Neitar að svara	3	0,3	-
Veit ekki	37	4,3	-
Alls	861	100%	100%

Á mynd 2.2.1. má sjá viðhorf aðspurðra til ýmissa afmarkaðra þátta í starfsemi Kennarasambandsins og aðildarfélags síns. Mest ánægja var með *viðmót starfsfólks* (M=4,26) og *hvernig gengi að ná sambandi við KÍ í gegnum síma* (M=4,26), um átta af hverjum tíu voru mjög eða frekar ánægðir með þessa þætti. Einnig var mikil ánægja með *skilvirkni í afgreiðslu erinda* (M=4,15) og *almenna afgreiðslu* (M=4,08). Hlutfallslega færri svarendur voru ánægðari með *upplýsingagjöf og fræðslu* (M=3,80) og *hagsmunagæslu í réttindamálum* en þó voru um sjö af hverjum tíu svarendum mjög eða frekar ánægðir með þessa þætti. Minnst ánægja var með *hagsmunagæslu í kjaramálum* (M=3,17). Tæpur helmingur sagðist mjög eða frekar ánægður með þennan hluta starfseminnar en rúmur þriðjungur sagðist mjög eða frekar óánægður.



*M = Meðaltal þar sem gildið 5 táknar mjög ánægð(ur) en gildið 1 mjög óánægð(ur).

Mynd 2.2.1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með eftirtalda þætti í starfsemi KÍ og/eða þíns aðildarfélags?

Þátttakendur voru spurðir hvort þeim fyndist að KÍ ætti að skipuleggja sameiginlega fræðslufundi fyrir félagsmenn sambandsins um afmörkuð mál. Mikill meirihluti, eða tæplega 90% svaraði þessu játandi og taldi KÍ eiga að standa fyrir slíkri fræðslu (sjá töflu 2.2.3.).

Tafla 2.2.3. Telur þú að KÍ eigi að skipuleggja sameiginlega fræðslufundi fyrir félagsmenn sambandsins um afmörkuð mál, svo sem réttindamál, launakjör og samskipti á vinnustað?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	696	80,9	87,5
Nei	100	11,6	12,5
Neitar að svara	8	0,9	-
Veit ekki	57	6,7	-
Alls	861	100%	100%

2.2b. Starfsemi Kennarasambands Íslands –bakgrunnsgreining

Allar spurningar voru greindar eftir kyni, aldri, búsetu, starfsaldri og aðildarfélagi. Einungis er fjallað um niðurstöður þar sem tölfræðilega marktækur munur kom fram á milli hópa en niðurstöður í heild sinni má sjá í töflum 3.1.-3.10. á bls. 69-74.

Kyn: Karlar voru heldur ánægðari en konur með hvernig gengi að ná sambandi við Kennarasambandið í gegnum síma, hlutfallslega fleiri þeirra voru mjög ánægðir með þann þátt starfseminnar. Hlutfallslega fleiri karlar en konur voru að sama skapi mjög eða frekar ánægðir með hagsmunagæslu KÍ og síns aðildarfélags í kjaramálum. Konur voru hins vegar frekar á því en karlar að KÍ ætti að standa fyrir sameiginlegum fræðslufundum um afmörkuð mál.

Aldur og starfsaldur: Lítil sem enginn munur kom fram á afstöðu félagsmanna til starfsemi KÍ eftir aldri og starfsaldri. Þó voru hlutfallslega fleiri svarendur sem höfðu styttri en tveggja ára starfsaldur en þeir sem lengri starfsaldur höfðu mjög ánægðir með hvernig gengi að ná sambandi við KÍ í gegnum síma.

Búseta: Svarendur á landsbyggðinni voru talsvert ánægðari með starfsemi Kennarasambandsins í heild en starfsbræður og -systur þeirra á höfuðborgarsvæðinu, hlutfallslega fleiri þeirra voru mjög eða frekar ánægðir með starfsemi KÍ. Hlutfallslega fleiri þeirra sem búsettir voru á landsbyggðinni en á

höfuðborgarsvæðinu voru að sama skapi ánægðir með hagsmunagæslu KÍ og síns aðildarfélags bæði í kjaramálum og réttindamálum.

Aðildarfélag: Nokkur munur var á afstöðu til starfsemi KÍ eftir aðildarfélögum. Hlutfallslega fleiri svarendur í Félagi tónlistarskólakennara og Félagi leikskólakennara en svarendur annarra félaga töldu sig hafa mikinn hag af aðild í KÍ. Hlutfallslega fleiri félagsmenn þessara tveggja félaga en annarra félaga voru að sama skapi ánægðir með starfsemi KÍ í heild. Þá voru framhaldsskólakennarar heldur minna ánægðir en aðrir félagsmenn með almenna afgreiðslu, viðmót starfsfólks og skilvirkni í afgreiðslu erinda frá hendi KÍ og síns aðildarfélags, færri þeirra voru mjög ánægðir með þann þátt starfseminnar. Tónlistarskólakennarar voru ánægðari með hagsmunagæslu í kjaramálum og réttindamálum en aðrir félagsmenn og tónlistakennarar og leikskólakennarar voru almennt ánægðari með upplýsingagjöf og fræðslu frá hendi KÍ og síns aðildarfélags en aðrir svarendur. Loks töldu hlutfallslega færri svarendur í Félagi framhaldsskólakennara en aðrir svarendur að KÍ ætti að skipuleggja sameiginlega fræðslufundi um afmörkuð mál fyrir félagsmenn sína.

2.3a. Mat á afstöðu almennings til KÍ

Svarendur voru beðnir um að leggja mat á almenna umræðu um Kennarasambandið í samfélaginu. Afar fáir töldu umræðuna almennt mjög jákvæða (4%) en tæpur fjórðungur taldi umræðuna frekar jákvæða (sjá töflu 2.3.1.). Stærstur hluti sagði umræðuna frekar neikvæða og tíundi hluti tók dýpra í árina og kvað umræðuna mjög neikvæða.

Tafla 2.3.1. Almennt séð telur þú að umræðan um störf Kennarasambandsins sé jákvæð eða neikvæð í samfélaginu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög jákvæð umræða	28	3,3	3,6
Frekar jákvæð umræða	188	21,9	23,9
Hvorki né	136	15,8	17,3
Frekar neikvæð umræða	354	41,2	45,1
Mjög neikvæð umræða	80	9,3	10,1
Neitar að svara	6	0,7	-
Veit ekki	68	8,0	-
Alls	861	100%	100%

Að sama skapi taldi aðeins einn af hverjum tuttugu svarendum almenning bera mjög mikið traust til Kennarasambandsins (sjá töflu 2.3.2.). Tæpur fjórðungur taldi hins vegar almenning bera frekar mikið traust til KÍ. Stærstur hluti aðspurðra taldi almenning bera frekar lítið traust til sambandsins og einn af hverjum fimmtán taldi fólki almennt bera mjög lítið traust til sambandsins. Nokkuð stór hópur, eða 30%, taldi almenning hvorki bera mikið né lítið traust til sambandsins.

Tafla 2.3.2. Telur þú að almenningur beri mikið eða lítið traust til KÍ?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög mikið	38	4,4	5,6
Frekar mikið	156	18,1	23,0
Hvorki né	200	23,2	29,5
Frekar lítið	240	27,9	35,3
Mjög lítið	45	5,2	6,6
Neitar að svara	8	0,9	-
Veit ekki	175	20,3	-
Alls	861	100%	100%

2.3b. Mat á afstöðu almennings til KÍ –bakgrunnsgreining

Spurningarnar voru greindar eftir kyni, aldri, búsetu, starfsaldri og aðildarfélagi. Einungis er fjallað um niðurstöður þar sem tölfræðilega marktækur munur kom fram á milli hópa en niðurstöður sem vísað er til má sjá í töflum 3.11. og 3.12. á bls. 74-75.

Kyn: Ekki kom fram munur á mati félagsmanna á afstöðu almennings til KÍ eftir kyni.

Aldur og starfsaldur: Ekki reyndist munur á mati félagsmanna á afstöðu almennings til KÍ eftir aldri. Heldur stærri hópur úr röðum þeirra sem starfað höfðu styttra en tvö ár en þeir sem höfðu lengri starfsreynslu töldu umræðu um Kennarasambandið frekar jákvæða. Þessi hópur var einnig ólíklegri til að taka hlutlausa afstöðu en svarendur með lengri starfsreynslu.

Búseta: Íbúar á landsbyggðinni höfðu heldur jákvæðari mynd af almennri umræðu um Kennarasambandið í samfélaginu en íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallslega fleiri íbúar á landsbyggðinni en höfuðborgarbúar töldu umræðuna frekar jákvæða og færri á landsbyggðinni töldu hana frekar eða mjög neikvæða.

Aðildarfélag: Tónlistarskólakennarar töldu umræðu um KÍ í samfélaginu jákvæðari en svarendur annarra aðildarfélaga, hlutfallslega fleiri þeirra voru á þeirri skoðun að umræðan um sambandið væri mjög jákvæð. Jafnframt var hærra hlutfall leikskólakennara en annarra þeirrar skoðunar að umræðan væri jákvæð í samfélaginu. Tónlistarskólakennarar og leikskólakennarar töldu einnig frekar en aðrir svarendur almenning bera mjög eða frekar mikið traust til sambandsins.

2.4a. Skólavörðan

Hér verður greint frá afstöðu til Skólavörðunnar, tímarits Kennarasambands Íslands, og niðurstöðum um lestur þess.

Almennt reyndist umtalsverð ánægja með Skólavörðuna en um sjö af hverjum tíu aðspurðra voru mjög eða frekar ánægðir með tímaritið (sjá töflu 2.4.1).

Tafla 2.4.1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Skólavörðuna?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægð(ur)	235	27,4	29,0
Frekar ánægð(ur)	346	40,1	42,6
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	103	12,0	12,8
Frekar óánægð(ur)	86	9,9	10,6
Mjög óánægð(ur)	41	4,7	5,0
Neitar að svara	4	0,5	-
Veit ekki	46	5,3	-
Alls	861	100%	100%


Stærstur hluti svarenda, eða tveir þriðju hlutar, las yfirleitt alltaf Skólavörðuna og tíundi hluti las tímaritið oft (sjá töflu 2.4.2). Þá las um sjötti hluti svarenda tímaritið stundum eða sjaldan en einungis sex prósent lásu það aldrei.

Tafla 2.4.2. Hversu oft að jafnaði lest þú Skólavörðuna?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Yfirleitt alltaf	556	64,6	65,8
Oft	89	10,4	10,6
Stundum	77	8,9	9,1
Sjaldan	72	8,4	8,6
Aldrei	50	5,9	6,0
Veit ekki	15	1,8	-
Alls	861	100%	100%

Svarendur voru einnig beðnir um að greina frá því hve oft þeir læsu einstaka efnisflokka og fasta liði í Skólavörðunni. Á mynd 1 má sjá þau svör sem gefin voru. *Faglegar greinar um menntamál* var sá efnisflokkur sem mest var lesinn, helmingur svarenda las yfirleitt alltaf greinar í þessum flokki og rúmur fimmtungur las þær oft.

Umfjöllun um skólastarf og umfjöllun um kjaramál voru að sama skapi vinsælir efnisflokkar, rúmir tveir þriðju hlutar lásu þá yfirleitt alltaf eða oft. Ritdómar virtust eiga minnst upp á pallborðið hjá svarendum en fjórir af hverjum tíu lásu greinar í þeim flokki yfirleitt alltaf eða oft.



Mynd 2.4.1. Hversu oft lest þú eftirtalda efnisflokka og fasta liði í Skólavörðunni?

Skólavarðan hefur undanfarið komið út átta sinnum á ári. Svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort þeir kysu að breyta fyrirkomulaginu eða hafa sama háttinn á. Stærstur hluti, eða sjö af hverjum tíu, var sáttur við núverandi fyrirkomulag og vildi ekki breyta fjölda útgefna tölublaða (sjá töflu 2.4.3). Afar fáir vildu fjölga tölublöðum (5%) en fjórðungur taldi rétt að fækka tölublöðum.

Tafla 2.4.3. Skólavörðan kemur nú út átta sinnum á ári. Myndir þú vilja fækka eða fjölga tölublöðum á ári eða hafa þann fjölda sem nú er?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Ég myndi vilja fjölga tölublöðum	42	4,9	5,3
Hafa þann fjölda sem nú er	555	64,4	69,5
Ég myndi vilja fækka tölublöðum	201	23,3	25,2
Neitar að svara	5	0,6	-
Veit ekki	57	6,7	-
Alls	861	100%	100%

Þeir sem vildu fækka tölublöðum voru spurðir hvað þeim þætti æskilegt að mörg blöð kæmu út ár hvert. Stærstur hluti þeirra vildi fækka blöðum um helming og gefa út fjögur blöð á ári eða tæpir tveir þriðju aðspurðra (rúmur tíundi hluti allra svarenda í könnuninni; sjá töflu 2.4.4). Einn áttundi aðspurðra vildi annaðhvort að ekki væru gefin út nein tölublöð eða eitt tölublað á ári og álíka margir töldu tvö til þrjú tölublöð ákjósanlegasta fjöldann. Loks taldi rúmur tíundi hluti svarenda fimm til sex tölublöð hæfilegan fjölda.

Tafla 2.4.4. Hvað telur þú æskilegt að mörg tölublöð komi út á ári?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Ekkert eða eitt	20	2,3	12,8
Tvö til þrjú	19	2,2	12,2
Fjögur	101	11,7	64,0
Fimm til sex	17	2,0	11,0
Á ekki við	703	81,7	-
Alls	861	100%	100%

Að lokum var spurt um ánægju með dreifingarfyrrkomulag Skólavörðunnar. Síðan árið 2003 hefur Skólavörðunni verið dreift til félagsmanna í skólunum í stað þess að póstsenda tímaritið heim til þeirra. Meirihluti svarenda var mjög eða frekar sáttur við þetta fyrirkomulag (sjá töflu 2.4.5). Sjö af hverjum tíu sögðust mjög sáttir og fimmtungur frekar sáttur. Innan við einn tíundi aðspurðra var frekar eða mjög ósáttur við dreifingarfyrrkomulagið.

Tafla 2.4.5. Árið 2003 var hætt að póstsenda Skólavörðuna heim til félagsmanna vegna kostnaðar og í stað þess er henni nú dreift í skólunum. Ert þú sátt(ur) eða ósátt(ur) við þetta dreifingarfyrikomulag?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sátt(ur)	564	65,5	69,9
Frekar sátt(ur)	157	18,3	19,5
Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)	17	1,9	2,1
Frekar ósátt(ur)	36	4,2	4,5
Mjög ósátt(ur)	32	3,7	4,0
Neitar að svara	2	0,3	-
Veit ekki	52	6,1	-
Alls	861	100%	100%

2.4b. Skólavörða - bakgrunnsgreining

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður úr bakgrunnsgreiningu á spurningum um Skólavörðuna. Spurningarnar voru greindar eftir kyni, aldri, búsetu, aðildarfélagi og starfsaldri. Einungis er minnst á þær niðurstöður sem ná tölfræðilegri marktækt en upplýsingarnar sem vísað er í má finna í töflum 3.13.-3.28. í viðauka á bls.75-83.

Kyn: Lítil munur kom fram á afstöðu kynjanna til Skólavörðunnar. Hlutfallslega voru heldur fleiri karlar en konur frekar eða mjög óánægðir með Skólavörðuna eða um fimmtungur karla samanborið við 14% kvenna. Einnig kom fram munur á tveimur efnisflokkum sem kynin lásu helst í tímaritinu, hlutfallslega fleiri konur en karlar lásu yfirleitt alltaf umfjöllun um skólastarf og yfirleitt alltaf eða oft viðtöl.

Aldur og starfsaldur: Hlutfallslega fleiri svarendur sem voru eldri en 50 ára voru mjög ánægðir með Skólavörðuna en þeir sem yngri voru. Þá kom fram töluverður munur á þeim efnisflokkum sem voru helst lesnir eftir aldri. Hlutfallslega fleiri svarendur eldri en 50 ára lásu yfirleitt alltaf umfjöllun um kjaramál, fréttir, viðtöl, námsgagnakynningar, ritdóma, formannapistla og leiðara. Eftir því sem starfsaldur svarenda var hærri, því oftar var Skólavörðan lesin. Lestur formannapistla jókst að sama skapi með hækkandi starfsaldri en þeir sem höfðu stystan starfsaldur lásu síst leiðara tímaritsins. Þá vildu hlutfallslega fleiri svarendur sem starfað höfðu í tvö ár eða lengur en þeir sem höfðu styttri starfsaldur fækka útgefnum tölublöðum á ári. Að lokum var þessi hópur að jafnaði ánægðari með núverandi dreifingarfyrikomulag Skólavörðunnar en svarendur með lægri starfsaldur.

Búseta: Talsverður munur sást á svörum höfuðborgarbúa og svarenda á landsbyggðinni. Svarendur á landsbyggðinni voru að jafnaði ánægðari með Skólavörðuna en svarendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu og hlutfallslega fleiri þeirra lásu yfirleitt alltaf tímaritið. Einnig kom fram munur á lestri ólíkra efnisflokka blaðsins eftir búsetu. Hlutfallslega fleiri búsettir á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu lásu yfirleitt alltaf umfjöllun um skólamál, viðtöl, námsgagnakynningar, ritdóma, formannapistla, tilkynningar og skemmtiefni. Þá töldu hlutfallslega fleiri höfuðborgarbúar en landsbyggðarfólk rétt að fækka fjölda tölublaða á ári.

Aðildarfélag: Munur kom fram á spurningum um lestur efnisflokka og fastra liða í Skólavörðunni eftir aðildarfélagi svarenda. Félagsmenn í Skólastjórafélagi Íslands lásu að jafnaði oftar umfjöllun um skólamál, umfjöllun um kjaramál, námsgagnakynningar, ritdóma, formannapistla, leiðara og skemmtiefni í Skólavörðunni en svarendur í öðrum aðildarfélögum.


2.5a. Upplýsingamiðlun KÍ og aðildarfélaganna

Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með upplýsingamiðlun Kennarasambandsins og síns aðildarfélags og má sjá svör þeirra í töflu 2.5.1. Almennt var ánægja með miðlun upplýsinga, um sjö af hverjum tíu aðspurðra voru mjög eða frekar ánægðir með þennan þátt.

Tafla 2.5.1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með upplýsingamiðlun KÍ og félagsins þíns?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægð(ur)	184	21,4	23,0
Frekar ánægð(ur)	374	43,5	46,8
Hvorki né	142	16,5	17,8
Frekar óánægð(ur)	77	8,9	9,6
Mjög óánægð(ur)	23	2,6	2,8
Neitar að svara	3	0,4	-
Veit ekki	57	6,6	-
Alls	861	100%	100%

Svarendur voru inntir eftir því hve mikla áherslu ætti að leggja á ólíkar tegundir upplýsingamiðlunar. Rúmir tveir þriðju aðspurðra töldu að leggja ætti mjög mikla áherslu á miðlun upplýsinga *með tölvupósti* og miðlun *á heimsíðu félagsins eða sambandsins* og fjórðungur taldi að leggja bæri frekar mikla áherslu á þessa möguleika til upplýsingaveitu (sjá mynd 2.5.1.). Þá fannst helmingi aðspurðra rétt að leggja mjög mikla áherslu á að *tilkynningar væru sendar út á vinnustað í gegnum trúnaðarmenn*. Minnstur áhugi var fyrir notkun *fréttabréfa* sem tæki til upplýsingamiðlunar. Rúmur fimmtingur vildi að lögð yrði mjög mikil áhersla á miðlun í gegnum fréttabréf en tæpur helmingur vildi litla eða enga áherslu leggja á þennan möguleika.



Mynd 2.5.1. Hversu mikla áherslu finnst þér að KÍ og aðildarfélag þitt eigi að leggja á upplýsingamiðlun?

2.5b. Upplýsingamiðlun KÍ og aðildarfélaganna –bakgrunnsgreining

Svör um upplýsingamiðlun voru greind eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, búsetu, starfsaldri og aðildarfélagi líkt og önnur svör í könnuninni. Einungis er fjallað um niðurstöður þar sem tölfræðilega marktækur munur kom fram á milli hópa en niðurstöður sem vísað er til má sjá í töflum 3.29-3.33. á bls. 84-86. Enginn munur var á svörum kynjanna um upplýsingamiðlun.


Aldur: Hlutfallslega heldur fleiri svarendur eldri en 50 ára voru frekar eða mjög óánægðir með upplýsingamiðlun frá hendi KÍ og síns aðildarfélags. Óánægjan með upplýsingamiðlun minnkaði lítillega eftir því sem aldur þátttakenda var lægri. Sambærilegar niðurstöður komu fram fyrir starfsaldur. Hlutfallslega fleiri þeirra sem unnið höfðu í skólakerfinu í meira en tíu ár en þeir sem höfðu styttri starfsaldur voru mjög eða frekar óánægðir með upplýsingamiðlun Kennarasambandsins og aðildarfélaganna til félagsmanna sinna. Vert er þó að taka fram að í báðum tilvikum er um hlutfallslega fámenna hópa að ræða.

Búseta: Ánægja með upplýsingamiðlun Kennarasambandsins og einstakra aðildarféлага þess var talsvert meiri á meðal íbúa landsbyggðarinnar en höfuðborgar-búa. Þá töldu svarendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu frekar en þeir sem búsettir voru á landsbyggðinni að leggja ætti mikla áherslu á upplýsingamiðlun með tölvu-pósti. Fólk á landsbyggðinni var hins vegar heldur hlynntara því en höfuðborgarbúar að leggja ætti áherslu á upplýsingamiðlun með fréttabréfum.

Aðildarfélag: Nokkur munur kom fram á afstöðu til upplýsingamiðlunar KÍ eftir aðildarfélagi svarenda. Tónlistarskólakennarar og leikskólakennarar voru ánægðari en aðrir þátttakendur með upplýsingamiðlun Kennarasambandsins og sinna aðildarféлага. Svarendur í Félagi leikskólakennara voru jafnframt meira fylgjandi því en aðrir að lögð væri áhersla á upplýsingamiðlun með tilkynningum á vinnustað í gegnum trúnaðarmenn. Skólastjórar voru hins vegar síður fylgjandi slíku. Þá töldu hlutfallslega fleiri tónlistarskólakennarar en svarendur í öðrum aðildarfélögum að leggja bæri mikla áherslu á upplýsingamiðlun með fréttabréfum. Loks töldu þátttakendur í Skólastjórafélagi Íslands og Félagi leikskólakennara frekar en aðrir að upplýsingamiðlun á heimasíðu félagsins eða sambandsins væri atriði sem leggja ætti mikla áherslu á.

2.6a. Heimasíða KÍ

Svarendur voru beðnir um að svara nokkrum spurningum sem beindust sérstaklega að heimasíðu Kennarasambandsins. Fyrst voru þeir spurðir hvort þeir hefðu einhvern tíma heimsótt síðuna. Langflestir, eða níu af hverjum tíu svarendum, sögðust hafa heimsótt heimasíðu sambandsins (sjá mynd 2.6.1.).




Mynd 2.6.1. Hefur þú heimsótt heimasíðu KÍ?

Þeir sem sögðust hafa heimsótt heimasíðu KÍ voru því næst spurðir hve oft þeir heimsæktu síðuna að jafnaði. Stærstur hluti þátttakenda kvaðst fara einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði á heimasíðuna eða helmingur og um fjórðungur sagðist fara oftár (sjá töflu 2.6.1.).

Tafla 2.6.1. Hve oft heimsækir þú heimasíðu KÍ að jafnaði?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Daglega	8	0,9	1,0
3-6 sinnum í viku	39	4,5	5,0
1-2 sinnum í viku	127	14,7	16,2
1-3 sinnum í mánuði	395	45,9	50,5
Sjaldnar	213	24,8	27,3
Hef ekki heimsótt heimasíðuna	64	7,5	
Neitar að svara	2	0,3	-
Veit ekki	12	1,4	-
Alls	861	100%	100%

Spurt var hve oft væri farið á heimasíðu KÍ til þess að leita upplýsinga um ólíka starfsemi sambandsins. Mest var farið á síðuna til þess að fá upplýsingar um *orlofsmál* og *kjaramál*, þrír af hverjum tíu sögðust oft leita upplýsinga um þessi atriði (sjá mynd 2.6.2.). Síðan var einnig talsvert notuð til þess að fá upplýsingar um *endurmenntun* og *réttindamál* en fjórðungur svarenda kvaðst oft leita gagna um endurmenntun á heimasíðunni og lítið færri sögðust oft leita upplýsinga um réttindamál. Af þeim atriðum sem spurt var sérstaklega um notuðu svarendur síðuna síst til þess að afla sér upplýsinga um *Sjúkrasjóð KÍ*.



Mynd 2.6.2. Hve oft leitar þú upplýsinga á heimasíðu KÍ um eftirfarandi?

2.6b. Heimasíða KÍ – bakgrunnsgreining

Upplýsingar um kyn, aldur, búsetu, starfsaldur og aðildarfélag voru notaðar til þess að greina svör um heimasíðu Kennarasambandsins. Einungis er fjallað um niðurstöður þar sem tölfræðilega marktækur munur kom fram á milli hópa en greiningin í heild sinni sést í töflum 3.34 til 3.43. á bls. 86-91.

Kyn: Ekki reyndist munur á því hvort eða hversu oft karlar og konur heimsóttu heimasíðu KÍ. Aftur á móti var tölverður munur á því í hvaða tilgangi kynin notuðu heimasíðuna. Konur voru nokkuð ötulli við að leita sér upplýsinga um starfsemi síns aðildarfélags á heimasíðu Kennarasambandsins en karlar. Konur notuðu einnig heimasíðuna oftár en karlar til að finna upplýsingar um fundi, ráðstefnur og málþing, orlofsmál og Sjúkrasjóð KÍ. Þá sögðust heldur fleiri karlar en konur oft leita sér upplýsinga á síðunni um kjaramál en mun fleiri konur kváðust stundum leita sér upplýsinga af því tagi.

Aldur og starfsaldur: Svarendur yfir fimmtugu höfðu síður heimsótt heimasíðu KÍ en yngri svarendur en mikill meirihluti þeirra hafði engu að síður einhvern tíma notað síðuna. Þá sögðust hlutfallslega fleiri í þessum aldurshópi en yngri svarendur heimsækja síðuna sjaldnar en einu sinni í mánuði og hlutfallslega fleiri yfir fimmtugu sögðust aldrei hafa heimsótt síðuna til þess að leita sér upplýsinga um réttindamál. Engu að síður hafði stærri hluti elsta aldurshópsins en yngri aldurshópa oft leitað sér upplýsinga um réttindamál þannig að svör þessa hóps virtust dreifast meira en svör annarra aldurshópa. Lítil munur var á afstöðu til og notkun á heimasíðu KÍ eftir starfsaldri. Einungis kom fram munur á leit að upplýsingum um orlofsmál. Þeir sem höfðu stýstan starfsaldur í skólakerfinu, eða innan við tveggja ára, leituðu sér sjaldnar upplýsinga um orlofsmál á heimasíðu sambandsins en þeir sem höfðu starfað lengur innan skólakerfisins.

Búseta: Lítil sem enginn munur sást á svörum eftir búsetu. Þó voru svarendur búsettir á landsbyggðinni heldur iðnari við að leita sér upplýsinga um orlofsmál á heimasíðu KÍ en höfuðborgarbúar.

Aðildarfélag: Þátttakendur í Félagi tónlistarskólakennara voru lítið eitt ólíklegri en aðrir til að hafa einhvern tíma heimsótt heimasíðu Kennarasambandsins þótt mikill meirihluti þeirra eins og annarra félagsmanna hafi heimsótt síðuna. Hlutfallslega fleiri leikskólakennarar en aðrir svarendur sögðust oft leita sér upplýsinga um starfsemi síns aðildarfélags, sem og endurmenntun og réttindamál. Leikskólakennarar, ásamt

skólastjórum, leituðu sér einnig oftár en aðrir fréttar á heimasíðunni um mennta- og skólamál, upplýsinga um fundi, ráðstefnur og málþing og kjaramál eða kjarasamninga.

2.7a. Orlofssjóður KÍ

Svarendur voru beðnir um að tilgreina hve mikla eða litla áherslu þeir teldu að Orlofssjóður KÍ ætti að leggja á mismunandi möguleika í orlofsmálum. Spurt var um afstöðu fólks til fjölgunar sumarhúsa á vegum sambandsins. Rúmur þriðjungur vildi ekki leggja neina áherslu á aukningu sumarhúsa og álíka margir töldu að leggja ætti nokkra áherslu á þetta atriði (sjá töflu 2.7.1.). Hlutfallslega fæstir vildu leggja mikla áherslu á að koma upp fleiri sumarhúsum eða rúmur fjórðungur aðspurðra.

Tafla 2.7.1. Hversu mikla áherslu myndir þú vilja að Orlofssjóður KÍ legði á fjölgun sumarhúsa?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mikla áherslu	221	25,6	28,5
Nokkra áherslu	273	31,7	35,2
Enga áherslu	281	32,7	36,3
Neitar að svara	3	0,3	-
Veit ekki	83	9,7	-
Alls	861	100%	100%

Enn minni áhugi var á fjölgun íbúða á vegum Orlofssjóðs KÍ. Rúmur fimmtungur vildi að lögð væri mikil áhersla á fjölgun íbúða en fjórir af hverjum tíu töldu að ekki ætti að leggja neina áherslu á það (sjá töflu 2.7.2.).

Tafla 2.7.2. Hversu mikla áherslu myndir þú vilja að Orlofssjóður KÍ legði á fjölgun íbúða?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mikla áherslu	170	19,7	22,4
Nokkra áherslu	285	33,1	37,6
Enga áherslu	302	35,1	39,9
Neitar að svara	5	0,5	-
Veit ekki	99	11,5	-
Alls	861	100%	100%

Rúmur fjórðungur svarenda vildi leggja mikla áherslu á hótelmiða en rúmur þriðjungur fannst ekki að leggja ætti neina áherslu á slíka miða (sjá töflu 2.7.3.).

Tafla 2.7.3. Hversu mikla áherslu myndir þú vilja að Orlofssjóður KÍ legði á hótelmiða?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mikla áherslu	201	23,4	27,7
Nokkra áherslu	255	29,6	35,1
Enga áherslu	270	31,4	37,2
Neitar að svara	9	1,0	-
Veit ekki	125	14,6	-
Alls	861	100%	100%

Áhugi svarenda á aðgengi að tjaldvögnum var heldur dræmur, um um 15% vildu að mikil áhersla væri lögð á tjaldvagna en nánast sex af hverjum tíu vildu ekki leggja neina áherslu á þetta atriði (sjá töflu 2.7.4.).

Tafla 2.7.4. Hversu mikla áherslu myndir þú vilja að Orlofssjóður KÍ legði á tjaldvagna?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mikla áherslu	113	13,1	15,4
Nokkra áherslu	199	23,2	27,3
Enga áherslu	417	48,4	57,2
Neitar að svara	8	0,9	-
Veit ekki	124	14,4	-
Alls	861	100%	100%

Tæpur þriðjungur svarenda vildi leggja mikla áherslu á sólarlandaferðir en heldur fleiri, eða rúmunum þriðjungu, töldu að horfa ætti framhjá þessum möguleika og ekki leggja neina áherslu á hann (sjá töflu 2.7.5.).

Tafla 2.7.5. Hversu mikla áherslu myndir þú vilja að Orlofssjóður KÍ legði á sólarlandaferðir?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mikla áherslu	217	25,2	29,3
Nokkra áherslu	252	29,3	34,1
Enga áherslu	271	31,5	36,6
Neitar að svara	7	0,9	-
Veit ekki	112	13,1	-
Alls	861	100%	100%

Þegar spurt var almennt um fjölgun ferðatilboða erlendis sýndu mun fleiri áhuga. Tæpur helmingur aðspurðra vildi leggja mikla áherslu á að fjölga ferðatilboðum erlendis (sjá töflu 2.7.6.). Rúmur fimmtungur vildi hins vegar ekki að lögð yrði nein áhersla á þennan möguleika.

Tafla 2.7.6. Hversu mikla áherslu myndir þú vilja að Orlofssjóður KÍ legði á fjölgun ferðatilboða erlendis?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mikla áherslu	358	41,6	46,4
Nokkra áherslu	255	29,7	33,1
Enga áherslu	158	18,3	20,4
Neitar að svara	5	0,6	-
Veit ekki	84	9,8	-
Alls	861	100%	100%

Af þeim atriðum sem spurt var um létu hlutfallslega flestir í ljós áhuga á að orlofsstyrkjum yrði fjölgað. Rúmur helmingur svarenda taldi að leggja ætti mikla áherslu á að fjölga orlofsstyrkjum en um sjötti hluti vildi ekki leggja neina áherslu á það (sjá töflu 2.7.7.).

Tafla 2.7.7. Hversu mikla áherslu myndir þú vilja að Orlofssjóður KÍ legði á hækkun/fjölgun orlofsstyrkja?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mikla áherslu	399	46,4	55,3
Nokkra áherslu	196	22,8	27,2
Enga áherslu	126	14,6	17,5
Neitar að svara	7	0,8	-
Veit ekki	132	15,4	-
Alls	861	100%	100%

Þátttakendur voru því næst beðnir um að taka afstöðu til þess hvort þeir kysu að Orlofssjóðurinn hefði fleiri hús á sínum snærum sem hægt væri að leigja í nokkra daga í senn á sumrin. Sjö af hverjum tíu svöruðu því játandi en tæpur þriðjungur vildi halda óbreyttu ástandi (sjá töflu 2.7.8.).

Tafla 2.7.8. Myndir þú vilja að Orlofssjóðurinn hefði fleiri hús en nú er sem hægt væri að leigja í einstaka daga á sumrin í stað þess að eiga kost á vikuleigu eins og nú er?


	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	531	61,7	69,3
Nei, hafa óbreytt	235	27,3	30,7
Neitar að svara	7	0,8	-
Veit ekki	88	10,2	-
Alls	861	100%	100%

Í töflu 2.7.9. má sjá afstöðu svarenda til þess hvort halda ætti núverandi punktakerfi sem notað er við sumarúthlutanir eða miðað yrði við regluna fyrstur kemur, fyrstur fær. Þrír af hverjum fjórum kusu að halda áfram að úthluta eftir núverandi punktakerfi.

Tafla 2.7.9. Myndir þú vilja að Orlofssjóðurinn hætti með sumarúthlutanir eftir punktakerfi eins og nú er og setti í stað þess öll leigutilboð á Orlofsvefinn og þá gildi reglan „fyrstur kemur fyrstur fær“?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já, hættu að úthluta eftir punktakerfi	196	22,8	27,3
Nei, halda áfram að úthluta eftir punktakerfi	522	60,7	72,7
Neitar að svara	15	1,7	-
Veit ekki	127	14,8	-
Alls	861	100%	100%

Á mynd 2.7.1. má sjá ánægju viðmælenda með ýmsa þjónustubætti Orlofssjóðs KÍ. Almennt var mikil ánægja með þá þætti sem spurt var um. Svarendur létu í ljósi mesta ánægju með *upplýsingar um orlofshús og -íbúðir* á vegum sjóðsins ($M=4,37$), tæpur helmingur var mjög ánægður með þetta atriði og álíka margir voru frekar ánægðir. *Heimasíða sjóðsins* fékk einnig góðar umsagnir hjá þátttakendum, þannig voru fjórir af hverjum tíu mjög ánægðir með síðuna og tæpur helmingur frekar ánægður. Heldur minni ánægja var með *þjónustu sjóðsins á heildina litið* ($M=4,11$) og *umsóknarferlið í sumarleigu* ($M=4,03$) en engu að síður voru um átta af hverum tíu mjög eða frekar ánægðir með báða þættina.



*M=Meðaltal þar sem fimm táknar mjög ánægður og einn mjög óánægður.

Mynd 2.7.1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi þjónustubætti Orlofssjóðsins?

2.7b. Orlofssjóður KÍ – bakgrunnsgreining

Hér verður fjallað um niðurstöður sem lúta að Orlofssjóði KÍ og þær greindar eftir bakgrunnsupplýsingum um kyn, aldur, búsetu, starfsaldur og aðildarfélag svarenda. Líkt og áður er aðeins fjallað um niðurstöður sem sýndu tölfræðilega marktækan mun á milli hópa. Í töflum 3.44.-3.56. á bls. 91-98 er að finna allar upplýsingar sem vísað er til. Munur kom hvergi fram á afstöðu kynjanna til orlofsmála og þjónustu Orlofssjóðs KÍ.

Aldur og starfsaldur: Talsverður munur var á svörum um Orlofssjóð KÍ eftir aldri. Stærri hluti fólks eldri en 50 ára en yngra fólks vildi leggja mikla áherslu á fjölgun íbúða og hótelmiða. Hlutfallslega fleiri meðal eldri en 40 ára en yngra fólks vildu hins vegar enga áherslu leggja á sólarlandaferðir. Þegar spurt var hvort hætta ætti notkun núverandi úthlutunarkerfis fyrir sumarúthlutanir voru mun fleiri svarendur í yngsta hópnum (40 ára og yngri) samþykkir því. Ánægja með Orlofssjóðinn í heild jókst með aldri, en um fjórðungur 40 ára og yngri var mjög ánægður með sjóðinn í heild samanborið við 39% í elsta hópnum. Hlutfallslega færri í yngsta hópnum voru jafnframt mjög ánægðir með umsóknarferlið í sumarleigu og upplýsingar um orlofshús og –íbúðir. Þeir sem höfðu tveggja til tíu ára starfsaldur voru helst á þeirri skoðun að leggja niður punktakerfi við sumarúthlutanir og setja þess í stað öll leigutilboð á Orlofsvefinn en þeir sem höfðu lengstan starfsaldur voru síst þeirrar skoðunar. Ánægja með þjónustu Orlofssjóðsins var einnig mismikil eftir starfsaldri og var minnst ánægja meðal þeirra sem höfðu starfað í styttra en tvö ár. Þá voru þátttakendur sem höfðu stystan starfsaldur ekki eins ánægðir eins og þeir sem höfðu lengri starfsaldur með heimasíðu sjóðsins, umsóknarferlið í sumarleigu og upplýsingar um orlofshús og –íbúðir.

Búseta: Íbúar landsbyggðarinnar voru frekar fylgjandi því en höfuðborgarbúar að leggja ætti áherslu á fjölgun íbúða. Loks voru heldur fleiri höfuðborgarbúar en íbúar á landsbyggðinni frekar eða mjög óánægðir með heimasíðu Orlofssjóðs KÍ en í báðum tilvikum var um fámenna hópa að ræða.

Aðildarfélag: Eini munurinn sem fram kom á afstöðu til orlofsmála og Orlofssjóðsins eftir aðildarfélögum var í spurningu um áherslu á fjölgun íbúða. Hlutfallslega færri svarendur í Félagi leikskólakennara en svarendur í hinum aðildarfélögum töldu rétt að leggja mikla áherslu á fjölgun íbúða en herra hlutfall svarenda í Félagi tónlistarkennara en annarra vildi leggja mikla eða frekar mikla áherslu á það.

2.8a. Sjúkrasjóður og endurmenntunarsjóðir KÍ

Spurt var hve vel eða illa viðmælendur teldu sig þekkja úthlutunarreglur Sjúkrasjóðsins. Stærstur hluti svarenda taldi sig þekkja reglurnar frekar vel en innan við tíundi hluti sagðist þekkja þær mjög vel (sjá töflu 2.8.1.). Tæpur helmingur kvaðst hins vegar þekkja úthlutunarreglurnar mjög eða frekar illa.

Tafla 2.8.1. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja úthlutunarreglur Sjúkrasjóðsins?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög vel	76	8,8	9,2
Frekar vel	279	32,5	34,0
Hvorki né	97	11,3	11,8
Frekar illa	221	25,7	26,9
Mjög illa	149	17,4	18,2
Neitar að svara	3	0,4	-
Veit ekki	34	4,0	-
Alls	861	100%	100%

Talsverð ánægja var með þjónustu Sjúkrasjóðsins. Um átta af hverjum tíu svarendum sögðust mjög eða frekar ánægðir með þjónustu sjóðsins en innan við tíundi hluti sagðist mjög eða frekar óánægður (sjá töflu 2.8.2.).

Tafla 2.8.2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu Sjúkrasjóðs KÍ?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægð(ur)	162	18,9	34,2
Frekar ánægð(ur)	204	23,7	43,0
Hvorki né	75	8,7	15,7
Frekar óánægð(ur)	23	2,6	4,8
Mjög óánægð(ur)	11	1,2	2,3
Neitar að svara	12	1,4	-
Veit ekki	374	43,5	-
Alls	861	100%	100%

Spurt var hversu vel eða illa viðmælendur þekktu úthlutunarreglur síns endurmenntunarsjóðs í KÍ. Stærstur hluti taldi sig þekkja reglurnar frekar vel eða tæpur helmingur svarenda og 15% sögðust þekkja þær mjög vel (sjá töflu 2.8.3.). Þá sagðist tæpur þriðjungur þekkja reglurnar mjög eða frekar illa.

Tafla 2.8.3. Hversu vel eða illa telur þú þig þekkja úthlutunarreglur þíns Endurmenntunarsjóðs í KÍ?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög vel	118	13,7	14,6
Frekar vel	379	44,0	46,7
Hvorki né	74	8,6	9,1
Frekar illa	164	19,1	20,3
Mjög illa	76	8,8	9,3
Neitar að svara	2	0,2	-
Veit ekki	48	5,5	-
Alls	861	100%	100%

Sambærileg ánægja var látin í ljós með þjónustu endurmenntunarsjóða í KÍ og þjónustu Sjúkrasjóðsins. Um átta af hverjum tíu kváðust mjög eða frekar ánægðir með sinn endurmenntunarsjóð (sjá töflu 2.8.4.). Tæplega tíundi hluti var hins vegar frekar eða mjög óánægður með þjónustu síns sjóðs.

Tafla 2.8.4. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu endurmenntunarsjóðs þíns í KÍ?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægð(ur)	215	25,0	32,6
Frekar ánægð(ur)	300	34,9	45,5
Hvorki né	91	10,6	13,8
Frekar óánægð(ur)	39	4,5	5,9
Mjög óánægð(ur)	14	1,6	2,1
Neitar að svara	5	0,5	-
Veit ekki	196	22,8	-
Alls	861	100%	100%

2.8b. Sjúkrasjóður og endurmenntunarsjóðir í KÍ – bakgrunnsgreining

Bakgrunnspættirnir kyn, aldur, búseta, starfsaldur og aðildarfélag voru notaðir til þess að greina frekar svör um Sjúkrasjóð og endurmenntunarsjóði í KÍ. Líkt og áður er aðeins fjallað um niðurstöður sem sýndu tölfræðilega marktækan mun á milli hópa. Í töflum 3.57.-3.60. á bls. 99-100 má sjá allar upplýsingar sem vísað er til. Ekki reyndist munur á afstöðu kynjanna til Sjúkrasjóðs KÍ eða endurmenntunarsjóða.

Aldur: Hlutfallslega fleira fólk eldra en 50 ára en yngri fólk taldi sig þekkja úthlutunarreglur síns endurmenntunarsjóðs mjög vel. Þá voru hlutfallslega fleiri í þessum aldurshópi en í yngri aldurshópunum sem sögðust mjög ánægðir með þjónustu síns endurmenntunarsjóðs. Ekki kemur á óvart að svarendur sem höfðu starfað styst innan skólakerfisins, eða styttra en tvö ár, þekktu verr úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs og síns endurmenntunarsjóðs í KÍ en þeir sem höfðu lengri starfsaldur. Þegar spurt var um ánægju með þjónustu Sjúkrasjóðsins tók einnig stærri hluti þessa hóps hlutlausu afstöðu en þeir sem höfðu starfað lengur.

Búseta: Hlutfallslega heldur fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu töldu sig þekkja úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs KÍ mjög eða frekar vel en íbúar á landsbyggðinni.

Aðildarfélag: Svarendur í Félagi framhaldsskólakennara voru síður þeirrar skoðunar en aðrir félagsmenn að þeir þekktu úthlutunarreglur Sjúkrasjóðsins mjög eða frekar vel en sú skoðun var almennust meðal Skólastjórafélagsins. Fyrirnefndi hópurinn var jafnframt ekki eins ánægður með þjónustu Sjúkrasjóðsins og aðrir en sá síðarnefndi var ánægðastur. Svör skólastjóra skáru sig þar að auki frá svörum annarra hvað varðaði endurmenntunarsjóði í KÍ. Þeir töldu sig þekkja úthlutunarreglur síns endurmenntunarsjóðs betur en aðrir og voru að sama skapi ánægðari með þjónustu síns sjóðs.

2.9a. Mat á launum

Svarendur voru spurðir hve ánægðir eða óánægðir þeir væru með laun sín og greindi stærstur hluti frá því að þeir væru mjög óánægðir eða þriðjungur þeirra (sjá töflu 2.9.1.). Þá sagðist tæpur þriðjungur frekar óánægður og fimmtungur kvaðst frekar ánægður. Einungis einn af hverjum tuttugu viðmælendum sagðist mjög ánægður með þau laun sem hann fengi fyrir vinnu sína.

Tafla 2.9.1. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þau laun sem þú færð fyrir þína vinnu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægð(ur)	37	4,4	4,5
Frekar ánægð(ur)	159	18,5	19,1
Hvorki né	109	12,7	13,1
Frekar óánægð(ur)	248	28,8	29,7
Mjög óánægð(ur)	281	32,6	33,6
Neitar að svara	6	0,7	-
Veit ekki	20	2,4	-
Alls	861	100%	100%

Svarendur voru því næst spurðir hvað þeim þættu sanngjörn mánaðarlaun fyrir vinnu sína. Nefndar voru tölur á bilinu 175.000 til 1.000.000 krónur en flestir nefndu 300.000 krónur eða 26% þeirra sem svöruðu (sjá töflu 2.9.2.). Meðaltal nefndra upphæða var 352.023 krónur.

Tafla 2.9.2. Hvaða mánaðarlaun finnst þér sanngjörn fyrir þína vinnu? Miðaðu við laun fyrir fullt starf.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Minna en 250.000	84	9,8	11,9
251.000 - 300.000	240	27,9	33,9
301.000 - 350.000	160	18,6	22,6
351.000 - 400.000	115	13,4	16,2
Meira en 400.000	109	12,7	15,4
Neitar að svara	96	11,1	-
Veit ekki	57	6,6	-
Alls	861	100%	100%

2.9b. Mat á launum – bakgrunnsgreining

Spurningar um laun voru greind eftir sex bakgrunnsþáttum. Bent er á að einungis er fjallað um niðurstöður þar sem tölfræðilega marktækur munur á milli hópa kom fram. Allar tölulegar upplýsingar má finna í töflum 3.61. og 3.62. á bls. 101.

Kyn: Hlutfallslega fleiri karlar en konur voru mjög eða frekar ánægðir með laun sín. Þeir nefndu einnig að meðaltali hærri upphæð þegar spurt var hver þeim þættu sanngjörn mánaðarlaun fyrir sína vinnu.

Aldur og starfsaldur: Hlutfallslega fleiri þeirra sem höfðu styttri en tveggja ára starfsaldur voru mjög eða frekar óánægðir með sín laun en þeir sem höfðu starfað lengur innan skólakerfisins. Þegar spurt var hvað þátttakendur teldu sanngjörn laun fyrir sína vinnu nefndu eldri svarendur og þeir sem höfðu lengri starfsaldur hærri upphæð að meðaltali en þeir sem yngri voru og svarendur sem starfað höfðu styttra. Þeir sem voru 40 ára og yngri nefndu að jafnaði lægri upphæð en eldri svarendur. Sanngjörn launaupphæð sem nefnd var fór hins vegar stigvaxandi eftir því sem starfsaldur var hærri.

Búseta: Íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru að jafnaði óánægðari með laun sín en íbúar á landsbyggðinni, stærri hluti þeirra kvaðst mjög óánægður með launin. Þá nefndu höfuðborgarbúar einnig hærri upphæð en svarendur á landsbyggðinni þegar þeir voru beðnir um að segja hve há laun þeim þættu sanngjörn fyrir sína vinnu.

Aðildarfélag: Talsverður munur sást á ánægju með laun eftir aðildarfélögum. Óánægja með laun var mest á meðal svarenda í Félagi grunnskólakennara og Félagi leikskólakennara. Þá nefndu svarendur í Skólastjórafélags Íslands að meðaltali hærri upphæð en aðrir þegar spurt var hve há mánaðarlaun þeim þættu sanngjörn.

2.10a. Samkomulag milli KÍ og menntamálaráðherra

Svarendur í öllum aðildarfélögunum voru loks spurðir hvort þeir hefðu kynnt sér tíu punkta samkomulagið um heildarendurskoðun í menntamálum undirritað af menntamálaráðherra og Kennarasambandinu í febrúar síðastliðnum. Tæpur þriðjungur sagðist hafa kynnt sér efni samkomulagsins en rúmir tveir þriðju höfðu ekki gert það (sjá töflu 2.10.1.).

Tafla 2.10.1. Hefur þú kynnt þér efni 10 punkta samkomulagsins um heildarendurskoðun í menntamálum milli KÍ og menntamálaráðherra sem undirritað var 2. febrúar sl.?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	260	30,2	31,1
Nei	576	66,9	68,9
Neitar að svara	4	0,4	-
Veit ekki	21	2,4	-
Alls	861	100%	100%

Þeir sem höfðu kynnt sér efni samkomulagsins voru þá spurðir hvort þeir væru sáttir eða ósáttir við ákvörðun KÍ um að gera samkomulagið við ráðherrann og reyndust fleiri ósáttir en sáttir⁴. Rúmur helmingur svarenda sagðist frekar eða mjög ósáttur við ákvörðun KÍ en þriðjungur kvaðst frekar eða mjög sáttur (sjá töflu 2.10.2.). Einn sjötti svarenda tók hins vegar hlutlausa afstöðu og sagðist hvorki sáttur né ósáttur við gerð samkomulagsins.

Tafla 2.10.2. Ertu sátt(ur) eða ósátt(ur) við þá ákvörðun KÍ að gera samkomulagið við ráðherrann?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sátt(ur)	40	4,7	16,2
Frekar sátt(ur)	41	4,8	16,5
Hvorki né	41	4,7	16,4
Frekar ósátt(ur)	61	7,1	24,7
Mjög ósátt(ur)	65	7,5	26,1
Neitar að svara	8	0,9	-
Veit ekki	29	3,4	-
Hef ekki kynnt mér efni samkomulagsins	576	66,9	-
Alls	861	100%	100%

⁴ KÍ óskaði eftir því að allir svarendur yrðu spurðir um afstöðu til gerðar samkomulagsins en vegna misskilnings voru einungis þeir sem sögðust hafa kynnt sér efni samkomulagsins spurðir.

2.10b. Samkomulag milli KÍ og menntamálaráðherra – bakgrunnsgreining

Allir svarendur voru spurðir út í afstöðu til samkomulagsins sem KÍ gerði við menntamálaráðherra og voru niðurstöðurnar greindar eftir kyni, aldri, búsetu, aðildarfélagi og starfsaldri. Upplýsingar í heild sinni má sjá í töflum 3.63. og 3.64. á bls.102-103 en einungis er fjallað um niðurstöður sem ná tölfræðilegri marktækt. Ekki reyndist munur á afstöðu til samkomulagsins eftir búsetu.

Kyn: Hlutfallslega fleiri karlar en konur sögðust hafa kynnt sér efni tíu punkta samkomulagsins um heildarendurskoðun í menntamálum sem KÍ og menntamálaráðherra undirrituðu. Þá voru karlar almennt sáttari við gerð samkomulagsins en konur, stærri hluti þeirra sagðist annaðhvort frekar eða mjög sáttur við gerð þess.

Aldur og starfsaldur: Hlutfallslega fleiri eldri en yngri svarendur höfðu kynnt sér efni samkomulagsins milli KÍ og menntamálaráðherra. Eftir því sem aldur svarenda var lægri, því ólíklegra var að þeir hefðu kynnt sér efni samkomulagsins. Fleiri úr röðum þeirra sem höfðu lengri en tíu ára starfsaldur en þeirra sem höfðu starfað styttra höfðu kynnt sér efni samkomulagsins á milli KÍ og menntamálaráðherra. Líkur á því að hafa kynnt sér efni samkomulagsins fóru dvinandi með lækkandi starfsaldri svarenda.

Aðildarfélag: Hlutfallslega fleiri svarendur í Félagi framhaldsskólakennara kynntu sér efni samkomulagsins um heildarendurskoðun í menntamálum en svarendur í öðrum félögum. Svarendur í Félagi leikskólakennara og Félagi tónlistarskólakennara voru hins vegar síst líklegir til að hafa kynnt sér efni samkomulagsins.

2.11a. Félag grunnskólakennara

Hér verða kynntar niðurstöður úr spurningum sem voru einungis lagðar fyrir svarendur í Félagi grunnskólakennara. Grunnskólakennarar voru stærsti hópur þátttakenda í könnuninni eða 317 talsins⁵.

Aðalfundur Félags grunnskólakennara árið 2005 ályktaði að eðlilegra væri að skoða samfellu og fljótandi skil á milli skólastiga en að stytta námstíma til stúdentsprófs um eitt ár eins og menntamálaráðherra hefur áformað. Grunnskólakennarar voru beðnir um að taka afstöðu til ýmissa atriða sem gætu aukið samfellu á milli skólastiga. Þessar niðurstöður má sjá í töflum 2.11.1. til 2.11.5.

Stærstur hluti aðspurðra, eða tæplega tveir af hverjum þremur, taldi ekki mikilvægt að gera fleiri nemendum kleift að hefja nám í grunnskóla fimm ára að aldri (sjá töflu 2.11.1.). Einum sjötta svarenda fannst þetta atriði hins vegar mjög mikilvægt til þess að auka mætti samfellu á milli skólastiga.

Tafla 2.11.1. Hve mikilvægt telur þú í þessu sambandi að gera fleiri nemendum kleift að hefja nám fimm ára í grunnskóla?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög mikilvægt	43	13,6	15,5
Frekar mikilvægt	60	18,9	21,7
Ekki mikilvægt	174	54,9	62,8
Neitar að svara	4	1,3	-
Veit ekki	36	11,4	-
Alls	317	100%	100%

Grunnskólakennarar voru ennfremur beðnir um að meta hve mikilvægt væri að stytta grunnskólann úr tíu árum í níu ár til þess að auka mætti samfellu á milli skólastiga. Þessi tillaga mætti umtalsverðri mótstöðu, nánast níu af hverjum tíu töldu ekki mikilvægt að stytta grunnskólann til að ná fram þessu markmiði (sjá töflu 2.11.2.).

⁵ Miðað er við fjölda fyrir vigtun.

Tafla 2.11.2. Hve mikilvægt telur þú í þessu sambandi að stytta grunnskólann í níu ár?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög mikilvægt	18	5,7	6,5
Frekar mikilvægt	17	5,4	6,2
Ekki mikilvægt	240	75,7	87,3
Neitar að svara	7	2,2	-
Veit ekki	35	11,0	-
Alls	317	100%	100%

Hlutfallslega fleiri voru hins vegar jákvæðir í garð þess að gera fleiri nemendum kleift að útskrifast úr grunnskóla eftir níunda bekk. Svarendur skiptust í þrjá nokkuð jafnstóra hópa í afstöðu sinni. Rúmur þriðjungur taldi mjög mikilvægt að gera nemendum kleift að útskrifast fyrr, tæpur þriðjungur taldi það frekar mikilvægt og loks taldi þriðjungur það ekki mikilvægt (sjá töflu 2.11.3.).

Tafla 2.11.3. Hve mikilvægt telur þú í þessu sambandi að gera fleiri nemendum kleift að útskrifast úr grunnskóla eftir 9. bekk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög mikilvægt	103	32,5	36,8
Frekar mikilvægt	84	26,5	30,0
Ekki mikilvægt	93	29,3	33,2
Neitar að svara	7	2,2	-
Veit ekki	30	9,5	-
Alls	317	100%	100%

Enn fleiri töldu mikilvægt að auka möguleika grunnskólanemenda á að taka fleiri námsáfangi á framhaldsskólastigi innan grunnskólakerfisins. Rúmur helmingur viðmælenda taldi þennan möguleika mjög mikilvægan til þess að auka mætti samfellu á milli skólastiga og rúmur fjórðungur taldi hann frekar mikilvægan (sjá töflu 2.11.4.).

Tafla 2.11.4. Hve mikilvægt telur þú í þessu sambandi að auka möguleika grunnskólanemenda til að taka fleiri námsáfangna framhaldsskólans innan núverandi kerfis?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög mikilvægt	158	49,8	56,2
Frekar mikilvægt	78	24,6	27,8
Ekki mikilvægt	45	14,2	16,0
Neitar að svara	7	2,2	-
Veit ekki	29	9,1	-
Alls	317	100%	100%

Loks voru grunnskólakennarar beðnir um að meta hversu mikilvægt væri að búa til sérstaka námsbraut innan grunnskólans í unglingadeild sem tæki tvö ár og lyki í níunda bekk. Fjórðungur taldi mjög mikilvægt að fylgja þessu eftir en um fjórir af hverjum tíu voru á öndverðum meiði og töldu það ekki mikilvægt (sjá töflu 2.11.5.).

Tafla 2.11.5. Hve mikilvægt telur þú í þessu sambandi að búa til sérstaka námsbraut innan grunnskólans í unglingadeild sem er tvö ár og lýkur í 9. bekk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög mikilvægt	62	19,6	25,2
Frekar mikilvægt	79	24,9	32,1
Ekki mikilvægt	105	33,1	42,7
Neitar að svara	5	1,6	-
Veit ekki	66	20,8	-
Alls	317	100%	100%

Nokkur andstaða reyndist vera við samræmd próf í lok grunnskólans í núverandi mynd. Rúmur þriðjungur svarenda kvaðst mjög andvígur samræmdu prófunum og rúmur fjórðungur frekar andvígur (sjá töflu 2.11.6.). Ríflega fjórðungur sagðist hins vegar mjög eða frekar hlynntur prófunum eins og þau væru nú.

Tafla 2.11.6. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) samræmdum prófum í lok grunnskólans í núverandi mynd?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög hlynnt(ur)	35	11,0	11,6
Frekar hlynnt(ur)	49	15,5	16,3
Hvorki né	28	8,8	9,3
Frekar andvíg(ur)	86	27,1	28,6
Mjög andvíg(ur)	103	32,5	34,2
Neitar að svara	2	0,6	-
Veit ekki	14	4,4	-
Alls	317	100%	100%

Næst voru viðmælendur spurðir hve mikilvægt þeim þætti að hefja ímyndar- og uppbyggingarvinnu meðal almennings á starfi grunnskólakennara. Almennt voru svarendur sammála því að þess háttar vinna væri mikilvæg, sjö af hverjum tíu töldu mjög mikilvægt að hefja ímyndar- og uppbyggingarvinnu og fimmtungur taldi það frekar mikilvægt (sjá töflu 2.11.7.).

Tafla 2.11.7. Hversu mikilvægt telur þú að grunnskólakennarar hefji ímyndar- og uppbyggingarvinnu meðal almennings?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög mikilvægt	200	63,1	69,2
Frekar mikilvægt	56	17,7	19,4
Ekki mikilvægt	33	10,4	11,4
Veit ekki	28	8,8	-
Alls	317	100%	100%

Eins og sést í töflu 2.11.8. taldi þriðjungur mikilvægast að leggja áherslu á lækkun kennsluskyldu í næstu kjarasamningum ef frá er talin hækkun grunnlauna og tæpur þriðjungur vildi helst leggja áherslu á aukinn undirbúningstíma. Rúmur fimmtungur taldi mikilvægast að semja um hærri laun fyrir viðbótarmenntun en fæstir töldu mikilvægast að leggja áherslu á að fjölga starfsheitum til að auka möguleika á starfsframa.

Tafla 2.11.8. Hvað af eftirtöldu telur þú að Félag grunnskólakennara eigi að leggja mesta áherslu á í næstu kjarasamningum fyrir utan hækkun grunnskólakennara?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Lækkun kennsluskyldu	98	30,9	33,2
Aukinn undirbúningstíma	89	28,1	30,2
Hækkun launa vegna viðbótarmenntunar	67	21,1	22,7
Fjölgun starfsheita til að auka möguleika á starfsframa	41	12,9	13,9
Neitar að svara	2	0,6	-
Veit ekki	20	6,3	-
Alls	317	100%	100%

Loks voru grunnskólakennarar spurðir hvort þeim þætti rétt að hætta að skilgreina kennsluskyldu í kjarasamningi grunnskólakennara og færa verkstjórnarvald alfarið í hendur skólastjórnenda. Meirihlutinn, eða ríflega fjórir af hverjum fimm, taldi ekki rétt að gera slíkar breytingar (sjá töflu 2.11.9.).

Tafla 2.11.9. Telur þú rétt að hætta að skilgreina kennsluskyldu í kjarasamningi grunnskólakennara og færa verkstjórnarvald alfarið í hendur skólastjórnenda?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	46	14,5	16,3
Nei	237	74,8	83,7
Neitar að svara	1	0,3	-
Veit ekki	33	10,4	-
Alls	317	100%	100%

2.11b. Félag grunnskólakennara – bakgrunnsgreining

Þær spurningar sem einungis voru lagðar fyrir grunnskólakennara voru greindar eftir kyni, aldri, búsetu og starfsaldri svarenda. Einungis er fjallað um niðurstöður þar sem tölfræðilega marktækur munur á milli hópa kom fram. Allar tölulegar upplýsingar má finna í töflum 3.65. - 3.74. á bls.103-107.

Kyn: Hlutfallslega fleiri karlar en konur voru fylgjandi því að hætta að skilgreina kennsluskyldu í kjarasamningi og færa verkstjórnarvald alfarið í hendur skólastjórnenda.

Aldur: Nokkur munur sást á svörum um aðgerðir sem ætti að leggja áherslu á til að auka samfellu milli skólastiga eftir aldri. Svarendur á aldrinum 40 og yngri voru frekar fylgjandi því en eldri svarendur að gera ætti fleiri nemendum kleift að hefja skólagöngu fimm ára. Þá vildi fólk á aldrinum 41 til 50 ára síður en yngri og eldri svarendur leggja áherslu á að fleiri nemendum yrði gert kleift að útskrifast úr grunnskóla eftir níunda bekk. Hlutfallslega fleiri í yngsta svarendahópnum en í eldri svarendahópnum vildu að sama skapi að hætt yrði að skilgreina kennsluskyldu í kjarasamningi. Hlutfallslega fleiri þeirra sem höfðu styttri en tveggja ára starfsaldur en þeirra sem höfðu starfað lengur töldu að helst ætti að leggja áherslu á aukinn undirbúningstíma í komandi kjarasamningum og fleiri þeirra töldu jafnframt að leggja ætti áherslu á hækkun launa vegna viðbótarmenntunar. Þeir sem starfað höfðu lengur en tíu ár töldu hins vegar frekar en aðrir að lækkun kennsluskyldu ætti að vera forgangsatriði. Loks töldu svarendur sem höfðu unnið í tvö til tíu ár frekar en aðrir að hætta ætti að skilgreina kennsluskyldu í kjarasamningi grunnskólakennara og færa þess í stað verkstjórnarvald í hendur skólastjórnenda.

Búseta: Hlutfallslega fleiri höfuðborgarbúar en íbúar á landsbyggðinni töldu að mjög mikilvægt væri fyrir grunnskólakennara að hefja ímyndar- og uppbyggingarvinnu á meðal almennings.

2.12a. Félag framhaldsskólakennara

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir svarendur í Félagi framhaldsskólakennara og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum en hópurinn taldi alls 170 svarendur⁶.

Viðmælendur voru fyrst beðnir um að tilgreina hve ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu Félags framhaldsskólakennara og má sjá svör þeirra í töflu 2.12.1. Stærstur hluti sagðist frekar ánægður með þjónustuna, eða ríflega tveir fimmtu hlutar, og rúmur sjötti hluti kvaðst mjög ánægður. Þá lét rúmur sjöundi hluti í ljós frekar eða mjög mikla óánægju með þjónustu félagsins.

Tafla 2.12.1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Félags framhaldsskólakennara?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægð(ur)	23	13,5	17,7
Frekar ánægð(ur)	57	33,5	43,8
Hvorki né	31	18,2	23,8
Frekar óánægð(ur)	12	7,1	9,2
Mjög óánægð(ur)	7	4,1	5,4
Neitar að svara	3	1,8	-
Veit ekki	37	21,8	-
Alls	170	100%	100%

Um helmingur framhaldsskólakennara kvaðst mjög eða frekar hlynntur stofnana-samningum samstarfsnefnda framhaldsskólanna um nýtt launakerfi fyrir kennara, náms- og starfsráðgjafa og aðstoðarstjórnendur (sjá töflu 2.12.2.). Heldur færri, eða fjórir af hverjum tíu, sögðust mjög eða frekar andvígir samningunum.

⁶ Miðað er við fjölda fyrir vigtun.

Tafla 2.12.2. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu stofnanasamningum í samstarfsnefndum framhaldsskóla um nýtt launakerfi fyrir kennara, náms- og starfsráðgjafa og aðstoðarstjórnendur?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög hlynnt(ur)	28	16,5	21,1
Frekar hlynnt(ur)	40	23,5	30,1
Hvorki né	12	7,1	9,0
Frekar andvíg(ur)	19	11,2	14,3
Mjög andvíg(ur)	34	20,0	25,6
Neitar að svara	1	0,6	-
Veit ekki	36	21,2	-
Alls	170	100%	100%

Fleiri framhaldsskólakennarar voru hlynntir breytilegri kennsluskyldu eftir kennslugreinum en andvígir henni. Rétt tæp 60% svarenda kváðust mjög eða frekar hlynntir breytilegri kennsluskyldu en þriðjungur var því mjög eða frekar andvígur (sjá töflu 2.12.3.).

Tafla 2.12.3. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu breytilegri kennsluskyldu í framhaldsskólum eftir kennslugreinum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög hlynnt(ur)	32	18,8	25,2
Frekar hlynnt(ur)	43	25,3	33,9
Hvorki né	8	4,7	6,3
Frekar andvíg(ur)	17	10,0	13,4
Mjög andvíg(ur)	27	15,9	21,3
Neitar að svara	5	2,9	-
Veit ekki	38	22,4	-
Alls	170	100%	100%

Svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til ýmissa fullyrðinga um starfsumhverfi sitt. Einn þriðji svarenda var frekar sammála því að þeir hefðu næg tækifæri til að afla sér viðbótarmenntunar og endurmenntunar og 30% voru mjög sammála (sjá töflu 2.12.4.). Tæpur þriðjungur var aftur á móti frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni.

Tafla 2.12.4. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um starfsumhverfi þitt? - Ég hef næg tækifæri til að afla mér viðbótarmenntunar og endurmenntunar

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sammála	46	27,1	30,1
Frekar sammála	51	30,0	33,3
Hvorki né	12	7,1	7,8
Frekar ósammála	29	17,1	19,0
Mjög ósammála	15	8,8	9,8
Neitar að svara	1	0,6	-
Veit ekki	16	9,4	-
Alls	170	100%	100%

Framhaldsskólakennarar voru einnig beðnir um að greina frá því hvort þeir fyndu fyrir streitu í starfi. Rúmur fimmtungur sagðist mjög sammála því að þeir fyndu fyrir streitu í starfi en tæpur þriðjungur kvaðst frekar sammála því (sjá töflu 2.12.5.). Um einn af hverjum þremur sagðist þvert á móti mjög eða frekar ósammála slíkri fullyrðingu.

Tafla 2.12.5. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um starfsumhverfi þitt? - Ég finn fyrir streitu í starfi

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sammála	36	21,2	23,2
Frekar sammála	45	26,5	29,0
Hvorki né	26	15,3	16,8
Frekar ósammála	20	11,8	12,9
Mjög ósammála	28	16,5	18,1
Neitar að svara	1	0,6	-
Veit ekki	14	8,2	-
Alls	170	100%	100%

Að lokum voru framhaldsskólakennarar beðnir um að taka afstöðu til þess hvort þeir fengju hrós og hvatningu frá yfirmanni sínum þegar þeim tækist vel upp í starfi. Helmingur svarenda var annaðhvort mjög eða frekar sammála því að þeir fengju hrós og hvatningu frá yfirmanni en rúmir tveir fimmtu sögðust mjög eða frekar ósammála því (sjá töflu 2.12.6.).

Tafla 2.12.6. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um starfsumhverfi þitt? - Ég fæ hrós og hvatningu frá yfirmanni þegar mér tekst vel upp í starfi

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sammála	32	18,8	20,8
Frekar sammála	46	27,1	29,9
Hvorki né	10	5,9	6,5
Frekar ósammála	29	17,1	18,8
Mjög ósammála	37	21,8	24,0
Neitar að svara	1	0,6	-
Veit ekki	15	8,8	-
Alls	170	100%	100%

2.12b. Félag framhaldsskólakennara – bakgrunnsgreining

Þær spurningar sem lagðar voru fyrir framhaldsskólakennara voru greindar eftir kyni, aldri, búsetu og starfsaldri svarenda og má sjá niðurstöðurnar í töflum 3.74 - 3.79. á bls.108-110. Ekki kom fram munur á afstöðu framhaldsskólakennara eftir búsetu og starfsaldri.

Kyn: Karlar voru að jafnaði ánægðari en konur með þjónustu Félags framhaldsskólakennara. Konur voru hins vegar talsvert hlynntari breytilegri kennsluskyldu eftir kennslugreinum en karlar. Þá kváðust hlutfallslega fleiri konur en karlar mjög sammála því að þær fyndu fyrir streitu í starfi.

Aldur: Svarendur á aldrinum 40 ára og yngri voru almennt hlynntari stofnana-samningum í samstarfsnefndum framhaldsskólanna um nýtt launakerfi en eldri svarendur og fórn andstaða við samningana stigvaxandi með hækkandi aldri.

2.13a. Skólastjórafélag Íslands

Eftirfarandi spurningar voru einungis lagðar fyrir svarendur í Skólastjórafélagi Íslands en þeir voru alls 99 talsins⁷.

Skólastjórar sem tóku þátt í könnuninni voru spurðir um afstöðu til þess að krafist yrði framhaldsnáms í stjórnun við fastráðningu skólastjóra. Tæpur helmingur sagðist mjög sammála slíkri kröfu og fimmtungur kvaðst frekar sammála (sjá töflu 2.13.1.). Fjórðungur setti sig hins vegar á móti kröfu um framhaldsnám í stjórnun og kvaðst annaðhvort frekar eða mjög ósammála.

Tafla 2.13.1. Hversu sammála eða ósammála ertu að framhaldsnáms í stjórnun verði krafist við fastráðningu skólastjóra?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sammála	47	47,5	48,5
Frekar sammála	20	20,2	20,6
Hvorki né	5	5,1	5,2
Frekar ósammála	11	11,1	11,3
Mjög ósammála	14	14,1	14,4
Neitar að svara	1	1,0	-
Veit ekki	1	1,0	-
Alls	99	100%	100%

Þegar spurt var hvort krefjast ætti framhaldsnáms í stjórnun við fastráðningu aðstoðar-skólastjóra og deildarstjóra voru heldur færri á því að það væri viðeigandi. Helmingur svarenda var annaðhvort mjög eða frekar sammála því að gera ætti slíkar kröfur en fjórir af hverjum tíu voru því frekar eða mjög ósammála (sjá töflu 2.13.2.).

⁷ Miðað er við fjölda fyrir vigtun.

Tafla 2.13.2. Hversu sammála eða ósammála ertu að framhaldsnáms í stjórnun verði krafist við fastráðningu aðstoðarskólustjóra og deildarstjóra?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sammála	29	29,3	30,2
Frekar sammála	18	18,2	18,8
Hvorki né	8	8,1	8,3
Frekar ósammála	21	21,2	21,9
Mjög ósammála	20	20,2	20,8
Neitar að svara	2	2,0	-
Veit ekki	1	1,0	-
Alls	99	100%	100%

Stærstur hluti svarenda reyndist fylgjandi því að hluti kjarasamnings Skólustjórafélags Íslands yrði dreifstýrður. Tveir þriðju skólustjóra voru mjög eða frekar sammála því að hluti kjarasamnings yrði dreifstýrður en rúmur fjórðungur reyndist frekar eða mjög ósammála því (sjá töflu 2.13.3.).

Tafla 2.13.3. Hversu sammála eða ósammála ertu að hluti kjarasamnings Skólustjórafélags Íslands vegna grunnskólans verði dreifstýrður?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sammála	18	18,2	30,0
Frekar sammála	21	21,2	35,0
Hvorki né	4	4,0	6,7
Frekar ósammála	7	7,1	11,7
Mjög ósammála	10	10,1	16,7
Neitar að svara	3	3,0	-
Veit ekki	36	36,4	-
Alls	99	100%	100%

Skiptar skoðanir voru um það hvort Skólustjórafélag Íslands ætti að vera hluti af Kennarasambandinu. Rúmur helmingur sagðist mjög eða frekar sáttur við að SÍ væri eitt af aðildarfélögum KÍ en tæpur helmingur lagðist gegn því og kvaðst mjög eða frekar ósáttur við það fyrirkomulag (sjá töflu 2.13.4.).

Tafla 2.13.4. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu við að Skólastjórafélag Íslands sé eitt af aðildarfélögum KÍ

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sátt(ur)	25	25,3	26,3
Frekar sátt(ur)	24	24,2	25,3
Hvorki né	3	3,0	3,2
Frekar ósátt(ur)	19	19,2	20,0
Mjög ósátt(ur)	24	24,2	25,3
Neitar að svara	1	1,0	-
Veit ekki	3	3,0	-
Alls	99	100%	100%

Að lokum var spurt um álit á fyrirkomulagi námsstefnu SÍ sem haldin er á hverju hausti. Þriðjungur kvaðst mjög sáttur við núverandi fyrirkomulag og jafnstór hópur sagðist frekar sáttur (sjá töflu 2.13.5.). Þá lét áttundi hluti í ljós óánægju með fyrirkomulag námsstefnunnar og kvaðst annaðhvort frekar eða mjög ósáttur.

Tafla 2.13.5. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu við fyrirkomulagið á námsstefnu SÍ sem haldin er á hverju hausti?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sátt(ur)	28	28,3	34,6
Frekar sátt(ur)	28	28,3	34,6
Hvorki né	15	15,2	18,5
Frekar ósátt(ur)	6	6,1	7,4
Mjög ósátt(ur)	4	4,0	4,9
Neitar að svara	3	3,0	-
Veit ekki	15	15,2	-
Alls	99	100%	100%

2.13b. Skólastjórafélag Íslands - bakgrunnsgreining

Svör skólastjóra voru greind eftir kyni, aldri, búsetu og starfsaldri. Greininguna má sjá í töflum 3.80. - 3.84. á bls. 111-113 en munur kom hvergi fram á afstöðu eftir fyrrnefndum þáttum.

2.14a. Félag leikskólakennara

Í þessum kafla verða kynntar niðurstöður fyrir Félag leikskólakennara en líkt og svarendur í öðrum aðildarfélögum fengu leikskólakennarar nokkrar spurningar sem einungis voru lagðar fyrir þá. Svarendur í FL voru alls 183 talsins⁸.

Leikskólakennarar voru fyrst spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu Félags leikskólakennara. Mikil ánægja reyndist með þjónustu félagsins, tæpur þriðjungur kvaðst mjög ánægður með þjónustuna og helmingur frekar ánægður (sjá töflu 2.14.1.). Aðeins einn af hverjum tuttugu sagðist frekar eða mjög óánægður.

Tafla 2.14.1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Félags leikskólakennara?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægð(ur)	55	30,1	31,3
Frekar ánægð(ur)	88	48,1	50,0
Hvorki né	23	12,6	13,1
Frekar óánægð(ur)	8	4,4	4,5
Mjög óánægð(ur)	2	1,1	1,1
Veit ekki	7	3,8	-
Alls	183	100%	100%

Stærstur hluti svarenda, eða um fjórir af hverjum tíu, var á því að fyrir utan hækkun launa ætti helst að leggja áherslu á lækkun viðveru fyrir eldri leikskólakennara í komandi kjarasamningum (sjá töflu 2.14.2.). Næstflestir vildu leggja áherslu á aukinn undirbúningstíma (28%) og heldur færri að launaumbun vegna símenntunar og framhaldsnáms yrði aukin (22%). Fæstir töldu að fleiri skipulagsdagar ættu að vera helsta baráttumálið fyrir utan hækkun launa eða rúmur tíundi hluti.

⁸ Miðað er við fjölda fyrir vigtun.

Tafla 2.14.2. Hvað af eftirtöldu telur þú að Félag leikskólakennara eigi að leggja mesta áherslu á í næstu kjarasamningum fyrir utan hækkun launa?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Lækkun á viðveru fyrir eldri leikskólakennara	68	37,2	38,9
Aukinn undirbúningstíma	49	26,8	28,0
Aukna launaumbun vegna símenntunar/framhaldsnáms	38	20,8	21,7
Fleiri skipulagsdaga	20	10,9	11,4
Neitar að svara	1	0,5	-
Veit ekki	7	3,8	-
Alls	183	100%	100%

Spurðir út í fyrirkomulag fræðslufyrirlestra sem skólamálanefnd Félags leikskólakennara hefur boðið upp á, kváðust sjö af hverju tíu mjög eða frekar sáttir við hvernig staðið væri að þeim (sjá töflu 2.14.3.). Einn áttundi svarenda sagðist hins vegar frekar ósáttur.

Tafla 2.14.3. Ert þú sátt(ur) eða ósátt(ur) við fyrirkomulag fræðslufyrirlestra sem skólamálanefnd Félags leikskólakennara hefur boðið upp á?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sátt(ur)	45	24,6	30,6
Frekar sátt(ur)	61	33,3	41,5
Hvorki né	22	12,0	15,0
Frekar ósátt(ur)	18	9,8	12,2
Mjög ósátt(ur)	1	0,5	0,7
Neitar að svara	1	0,5	-
Veit ekki	35	19,1	-
Alls	183	100%	100%

Mikil ánægja reyndist með starfsemi svæðadeilda innan Félags leikskólakennara. Rúmlega átta af hverjum tíu sögðust frekar eða mjög sáttir við starfsemi þeirra og innan við tíundi hluti sagðist frekar ósáttur (sjá töflu 2.14.4.). Enginn svarandi sagðist mjög ósáttur við starfsemi deildanna.

Tafla 2.14.4. Ert þú sátt(ur) eða ósátt(ur) við starfsemi svæðadeildarinnar þinnar?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög sátt(ur)	62	33,9	37,1
Frekar sátt(ur)	76	41,5	45,5
Hvorki né	15	8,2	9,0
Frekar ósátt(ur)	14	7,7	8,4
Neitar að svara	1	0,5	-
Veit ekki	15	8,2	-
Alls	183	100%	100%

Meirihluti þeirra leikskólakennara sem tók þátt í könnuninni, eða fjórir af hverjum fimm, taldi að svæðadeildir FL ættu að skipuleggja fleiri sameiginlega símenntunardaga eða haustþing innan hvernar deildar en nú væri gert (sjá töflu 2.14.5.). Fimmtungur var því hins vegar mótfallinn.

Tafla 2.14.5. Telur þú að svæðadeildir Félags leikskólakennara eigi að skipuleggja sameiginlega símenntunardaga eða haustþing innan hvernar deildar í frekari mæli en gert er í dag?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	133	72,7	79,2
Nei	35	19,1	20,8
Veit ekki	15	8,2	-
Alls	183	100%	100%

2.14b. Félag leikskólakennara – bakgrunnsgreining

Svör leikskólakennara voru greind eftir aldri, búsetu og starfsaldri og má sjá niðurstöðurnar í töflum 3.85. - 3.89. á bls.113-115. Ekki var greint eftir kyni þar sem einungis einn karlkyns svarandi tók þátt í könnuninni. Munur á svörum leikskólakennara kom einungis fram eftir aldri og starfsaldri.

Aldur og starfsaldur: Fyrir utan hækkun grunnlauna, vildi mun hærra hlutfall svarenda á aldrinum 40 ára og yngri og þeirra sem höfðu styttri en tveggja ára starfsaldur en eldri svarenda og svarenda með lengri starfsaldur leggja mesta áherslu á aukinn undirbúningstíma í næstu kjarasamningum. Hærra hlutfall svarenda á aldrinum 41 til 50 ára en yngri og eldri svarenda vildi hins vegar auka launaumbun vegna símenntunarfreakar. Loks vildu þeir sem voru eldri en 50 ára og þeir sem höfðu starfað

Í meira en tíu ár frekar en yngra fólkið og þeir sem höfðu styttri starfsreynslu leggja áherslu á lækkun viðveru fyrir eldri kennara.

2.15a. Félag tónlistarskólakennara

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr spurningum sem lagðar voru sérstaklega fyrir svarendur í Félagi tónlistarskólakennara en þeir voru alls 92 talsins⁹.

